FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

210. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 7. SEPTEMBER 2017



**Merkur fundur á Arnarstapa** Mikil ánægja er með fornleifauppgröft sem lýkur á Arnarstapa í dag. Í ljós komu heillegar minjar frá verslunarstað um aldamótin 1700. Sést í veggi og gólf húss sem talið er ná lengra til norðvesturs en þegar er komið í ljós. Prufuskurðir voru grafnir til hliðar við aðaluppgröftinn til að reyna að henda reiður á umfangi hússins. Sjá síðu 10 MYND/KEVIN MARTIN

# Hugsanlegir kaupendur skoða álverið

Álver Rio Tinto í Straumsvík er til sölu. Núverandi eigendur segjast munu halda rekstri áfram finnist ekki kaupendur. Fyrstu vonbiðlar eru þó væntanlegir á næstu dögum.

**IÐNAÐUR** Mögulegir kaupendur að álveri Rio Tinto Alcan (RTA) í Straumsvík munu skoða verksmiðjuna á næstu vikum og mögulega strax í næstu viku. Gott hljóð í garð sölunnar er í flestum strokkum.

Rannveig Rist, forstjóri álversins, tilkynnti á starfsmannafundi í gær að RTA stefndi að því að selja verksmiðju félagsins hér á landi. Verði ekki af sölunni segist fyrirtækið ætla að halda áfram rekstri þess.

„Ég hef ekki fengið margar fyrirspurnir um framhaldið og fólk sem ég hef rætt við er ekki uggandi yfir því sem framtíðin ber í skauti sér,“ segir Eyþór Árnason, aðaltrúnaðarmaður starfsmanna álversins.

„Ég fór fram á það að framhaldið yrði gegnsætt og við fengjum að vita hvaða samsteypur væru mögulega að koma inn í ferlið. Það var samþykkt á fundinum,“ segir Eyþór. Hann bætir því við að viðbúið sé að söluferlið taki allt að tvö ár en þó sé von á mögulegum kaupendum strax á næstu vikum.

„Ég á ekki von á öðru en að þetta gangi ljúft áfram þó að það komi aðrir rekstraraðilar að verksmiðjunni,“ segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður verkalýðsfélagsins Hlífar.

Af um 400 starfsmönnum álversins eru rúmlega 300 í Hlíf.

„Ég átti samtal við forstjóra Rio Tinto strax að loknum starfsmannafundinum. Hún fullvissaði mig um að þetta væri í eðlilegu ferli og yrði rekið áfram ef ekki yrði af sölu. Á þessu stigi höfum við því engar áhyggjur af stöðu mála,“ segir Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði. – jóe

## DV forðað frá gjaldþroti

**FJÖLMIÐLAR** Sigurður G. Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður, hefur keypt DV, dv.is, Eyjuna, ÍNN og aðrar eignir fjölmiðlafyrirtækisins Pressunnar ehf, að undanskildum héraðsfréttablöðum sem félagið hefur gefið út, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Í staðinn greiddi Sigurður og tók yfir skuldir félagsins við Tollstjórann og aðra lánardrottna, samtals að fjárhæð um 400 milljónir króna.

Gjaldþrotaskiptabeiðni Tollstjóra á hendur Pressunni var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun, en afturkölluð síðar um daginn eftir að Sigurður greiddi skuld félagsins vegna opinberra gjalda. Annars hefði Pressan verið tekin til gjaldþrotaskipta og skiptastjóri skipaður yfir félaginu í dag, fimmtudag. – ósk/sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Ingi Þóroddsson vill starfsþjálfun fyrir fanga. 18

**SPORT** Ísland tapaði fyrir Finnlandi þrátt fyrir góðan leik. 30

**MENNING** Jonas Hassen Khemiri er á meðal spennandi gesta Bókmenntahátíðar í dag. 38

**LÍFIÐ** Hrefna Sætran er ekki viss hvort hún myndi fara með kettina sína á kaffihús ef slíkt væri í boði. 54

PLÚS 1 SÉRBLAÐ
● FÓLK



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

LYFJA
– Lífið heil

Góð heilsa gulli betri
Heilsutjútt
6.–17. september

Allt að 30% AFSLÁTTUR af heilsuvörum

lyfja.is

SMÁRALIND

SPÁÐ ER HLÝNANDI TÍSKU



OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

## Veður




Í dag verður fremur hæg norðaustlæg átt, skýjað með köflum og víða síðdegisskúrir. Hiti 5 til 13 stig, hlýjast suðaustanlands. SJÁ SÍÐU 36

# Kvennaathvarfið á allra vörum í ár




Í gær hófst Á allra vörum átakið í Hörpu, sem að þessu sinni beinir sjónum sínum að Kvennathvarfinu. Takmarkið í ár er að safna fyrir byggingu á íbúðarhúsnæði fyrir konur og börn í neyð. Frá árinu 2008 hefur Á allra vörum valið verðug verkefni til að safna fyrir og hefur þannig styrkt til að mynda Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, Ljósið, geðgjörgæsludeild Landspítalans og Neistann. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Maður stökk í Ölfusá

**BJÖRGUN** Bifreið var ekið á brúarhandrið vestanverðrar Ölfusárbrúar í gærkvöldi. Ökumaður hljóp úr bílnum og stökk í ána. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni á Suðurlandi. Svo heppilega vildi til að í húsi Björgunarfélags Árborgar var mannskapur þannig að bátur var kominn mjög fljótt á ána og náðist maðurinn um borð í bátinn til móts við götuna Árbakka á Selfossi.

Maðurinn var fluttur í þyrlu Landhelgisgæslunnar á sjúkrahús í Reykjavík. Ekki liggja fyrir upplýsingar um líðan hans.

Loka þurfti fyrir umferð um Ölfusárbrú og var hún lokuð nokkuð eftir að maðurinn var fluttur til höfuðborgarinnar í gærkvöldi á meðan rannsóknarlögregla athafnaði sig á vettvangi og bifreiðin var fjarlægð af brúnni.

– bo

# Viðgerðir á fangelsinu verða boðnar út í haust

**STJÓRNSÝSLA** Auglýst verður eftir tilboðum í framkvæmdir við Hegningarhúsið nú á haustmánuðum. Fangelsinu var lokað í fyrravor. Til stendur að efna til hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu hússins.

Ríkiseignir hafa umsjón með húsinu, líkt og öðrum fasteignum ríkisins. „Það er búið að vinna útboðsgögn út af utanhússviðhaldinu eða framkvæmdum. Það á við um veggi, glugga, þak, garðinn í kring og lóðina og drenin í kringum húsið og þess háttar þannig að þetta er töluvert verk,“ segir Snævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ríkiseigna.

Snævar býst við að ráðist verði í verkið strax á næsta ári, þar sem ekki eru fjármunir til reiðu á fjárlögum yfirstandandi árs. Hann segir að búið sé að gera kostnaðaráætlun en um hana verði ekki upplýst áður en útboðið fer fram. Snævar hefur áður sagt við Fréttablaðið að kostnaðurinn verði ekki undir 240 milljónum.



**Hegningarhúsið Skólavörðustíg.**

Enn hefur ekki verið ákveðið hvaða starfsemi mun fara fram í húsinu, en meðal annars hafa verið nefndar hugmyndir um að opna þar veitingastað eða safn af einhverju tagi. – jhh




# Ól upp marga af bestu listamönnum Íslands

**Þorgerður Ingólfsdóttir lætur af störfum kórstjóra í MH í haust eftir 50 ára starf. Margir af þekktustu tónlistarmönnum Íslands stigu sín fyrstu skref hjá henni. Þorgerður hefur haft mikil áhrif á lífsreglur og lífsviðhorf nemenda sinna.**

**MENNING** „Mér þætti gaman að vita hversu margir Íslendingar hafa unnið sama starfið í hálfa öld, sleitulaust, og skilað jafn góðu verki,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, fyrrverandi nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Þorgerður Ingólfsdóttir ætlar að láta af starfi kórstjóra í Menntaskólanum við Hamrahlíð í lok október og hefur skólinn auglýst starfið laust. Þorgerður hefur gegnt starfinu allt frá því árið 1967, þegar hún var 23 ára gömul. Árið 1982 stofnaði hún Hamrahlíðarkórinn, fyrir fyrrverandi nemendur skólans.

Páll Óskar var í kórnum hjá Þorgerði í tvö ár og segir það hafa verið bæði holt og gott. „Þarna fékk maður tækifæri til að kynnast íslenskum þjóðlögum og íslenskum tónlistararfi á þann hátt sem ég hefði annars aldrei fengið að kynnast honum,“ segir hann.

Páll Óskar segir að fyrir utan hvað verkefnavalið hafi verið flott og krefjandi þá hafi hann lært alls kyns lífsreglur sem hann hafi notið allar götur síðan. „Til dæmis að mæta á réttum tíma á æfingar, að bera virðingu fyrir tíma annars fólks, að takast á við hluti með þolinmæði.“

Einræður Þorgerðar um lífsviðhorf hennar eru Páli Óskari líka hugleiknar. „Ég held að bestu kennararnir séu þannig að þeir fara út fyrir námsefnið og kenna þér einhverjar lífsreglur sem jafnvel foreldrar þínir gleyma að kenna þér,“ segir hann.

Söngkonan Sigríður Thorlacius hefur svipaða sögu að segja og Páll Óskar. Hún var samtals í 10 ár hjá Þorgerði, bæði í MH kórnum og Hamrahlíðarkórnum. „Ég held að þetta sé einhver besti skóli sem ég hef farið í,“ segir Sigríður.



Þorgerður Ingólfsdóttir hefur stýrt kórastarfi í Menntaskólanum í Hamrahlíð í 50 ár. Hún hefur haft mikil áhrif á marga af fremstu listamönnum Íslands.

> Mér þætti gaman að vita hversu margir Íslendingar hafa unnið sama starfið í hálfa öld, sleitulaust, og skilað jafn góðu verki.
>
> Páll Óskar Hjálmtýsson, fyrrverandi nemandi í MH



Sigríður segir merkilegt að hugsa til þess hvernig Þorgerði hafi tekist að halda ákveðnum hljómi og tilteknu yfirbragði á kórnum í alla þessa áratugi, þótt hún sé sífellt með nýtt fólk í kórnum. „Hún er líka frumkvöðull í því að kórinn er alltaf að flytja nýja íslenska músík, músík eftir nútímatónskáld,“ segir Sigríður.

Stuðmaðurinn Egill Ólafsson segist eiga Þorgerði feril sinn að þakka. „Þetta var aldeilis makalaust uppeldisstarf fyrir mína parta og leiddi mig inn á þá braut sem ég síðan fylgdi, músíkina,“ segir Egill.

jonhakon@frettabladid.is

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# ENN BETRA VERÐ Á NOTUÐUM BÍLUM Í NOKKRA DAGA

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR ENN BETRI DÆMI:

UB



Toyota Rav4 GX
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 6/16 ekinn 46.000 km.
Verð 4.580.000,- Rn. 440831
Enn betra verð 4.290.000,-

BNB



Toyota Rav4 VX Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 9/16 ekinn 12.000 km.
Verð 5.950.000,- Rn. 991190
Enn betra verð 5.690.000,-

BNB



Lexus NX300h F-Sport Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk
Á götuna 7/16 ekinn 19.800 km.
Verð 8.290.000,- Rn. 991081
Enn betra verð 7.550.000,-

UB



Toyota Corolla Terra
Bensín, beinsk.
Á götuna 6/10 ekinn 147.000 km.
Verð 1.190.000,- Rn. 410456
Enn betra verð 970.000,-

UB



Toyota Avensis Wagon Live
Bensín, sjálfsk.
Á götuna 4/15 ekinn 73.000 km.
Verð 2.790.000,- Rn. 410558
Enn betra verð 2.490.000,-

UB



Toyota Auris Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 5/13 ekinn 83.000 km.
Verð 1.860.000,- Rn. 440436
Enn betra verð 1.670.000,-

UB



Toyota Land Cruiser 150 GX
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 1/15 ekinn 79.000 km.
Verð 6.850.000,- Rn. 450965
Enn betra verð 6.290.000,-

BNB



Lexus RX450h EXE Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 4/15 ekinn 44.000 km.
Verð: 8.770.000.- Rn. 990989
Enn betra verð 7.550.000,-

BNB



Toyota Prius Plug-In Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 4/16 ekinn 33.000 km.
Verð 3.890.000,- Rn. 991218
Enn betra verð 3.290.000,-

UB



Toyota Yaris Active
Bensín, beinsk.
Á götuna 3/17 ekinn 30.000 km.
Verð 1.990.000,- Rn. 182962
Enn betra verð 1.840.000,-

BNB



Toyota Proace GX Langur
Dísel, beinsk.
Á götuna 1/14 ekinn 57.000 km.
Verð 2.990.000,- Rn. 991247
Enn betra verð 2.390.000,-

BNB



Lexus IS300h EXE Hybrid
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 8/16 ekinn 15.000 km.
Verð 6.150.000,- Rn. 991040
Enn betra verð 5.450.000,-

### HEILSÁRSDEKK OG 20.000 VILDARPUNKTAR FYLGJA

Fjöldi frábærra bíla á lækkuðu verði auk þess sem nýr gangur af heilsársdekkjum og 20.000 vildarpunktar fylgja öllum notuðum bílum sem eru á enn betra verði.

Enn betra verð á notuðum bílum gildir fram á mánudaginn 11. sept. 2017

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**BNB**
**Betri notaðir bílar**

**UB**
**Umboðssölu-bílar**

# Sigurður G. kaupir DV og aðrar eignir Pressunnar

**FJÖLMIÐLAR** Hæstaréttarlögmaðurinn Sigurður G. Guðjónsson hefur keypt allar eignir fjölmiðlafyrirtækisins Pressunnar ehf, að undanskildum héraðsfréttablöðum sem félagið hefur gefið út, gegn greiðslu og yfirtöku á skuldum við Tollstjórann og hluta af lánardrottnum, samtals að fjárhæð tæplega 400 milljónir, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Ekki fást upplýsingar um hvaða fjárfestar standa að baki Sigurðar en Pressan er móðurfélag Vefpressunnar, DV og Eyjunnar. Björn Ingi Hrafnsson er útgefandi Pressunnar. Félög í hans eigu og Arnars Ægissonar, framkvæmdastjóra Pressunnar, eiga samanlagt um 31 prósents hlut í Pressunni.

Gjaldþrotaskiptabeiðni Tollstjóra á hendur Pressunni, sem var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun, var afturkölluð síðar sama dag eftir að Sigurður greiddi upp að fullu skuld félagsins við Tollstjórann vegna opinberra gjalda. Að öðrum kosti hefði Pressan verið tekin til gjaldþrotaskipta og skiptastjóri skipaður yfir félaginu í dag, fimmtudag.

Sigurður vildi sem minnst tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið.

Eignarhaldsfélagið Dalurinn, sem er í jafnri eigu þeirra Árna Harðarsonar, Halldórs Kristmannssonar, Hilmars Þórs Kristinssonar, Jóhanns G. Jóhannssonar og Róberts Wessmann, á enn rúmlega 66 prósenta hlut í Pressunni.

Ekki liggur fyrir hvað verður um hlut þeirra í félaginu, en ekki náðist í forsvarsmenn Dalsins við vinnslu fréttarinnar. **– ósk**



**»** Ekki fást upplýsingar um hvaða fjárfestar standa að baki Sigurðar en Pressan er móðurfélag Vefpressunnar, DV og Eyjunnar.

**Björn Ingi Hrafnsson er útgefandi Pressunnar. Sigurður G. Guðjónsson, hæstarréttarlögmaður, hefur keypt allar eignir fjölmiðlafyrirtækisins Pressunnar ehf, meðal annars DV.**

## Vísbending um oflækningar

**HEILBRIGÐISMÁL** Mun meira er gert af ristilspeglunum, speglunum á hnjáliðum, rörísetningu hjá börnum og hálskirtlatökum hér á landi en í nágrannalöndum. Langflestar aðgerðirnar eru gerðar af sérfræðingum á stofu og greitt fyrir hverja þeirra samkvæmt samningi Sjúkratrygginga og sérgreinalækna. Biðlistar benda til þess að hér sé of lítið gert af aðgerðum sem eru fyrst og fremst gerðar á opinberum stofnunum. Landlæknir telur því ástæðu til að ætla að fjöldi aðgerða tengist að einhverju leyti ólíkum greiðslukerfum í opinberri og einkarekinni þjónustu. **– jhh**

## Um 40 milljóna tap í Húsafelli

**VIÐSKIPTI** Húsafell Resorts, rekstrarfélagið utan um hótelið og aðra ferðaþjónustu í Húsafelli, var rekið með 40,2 milljóna króna tapi í fyrra.

Rekstrartekjur félagsins voru þá 321 milljón króna, en 118 milljónir árið 2015. Hótelið var opnað fyrir rúmum tveimur árum. Eignir félagsins voru í árslok 2016 metnar á 1,3 milljarða króna en skuldirnar 896 milljónir. Í byrjun apríl var tilkynnt um 1,1 milljarðs króna fjármögnun Húsafell Resorts til uppbyggingar á svæðinu. **– hg**

**LEIÐRÉTTING**

*Í frétt Fréttablaðsins í gær var því ranglega haldið fram að félag sem hélt utan um framleiðslu kvikmyndarinnar Hafið hafi farið í þrot. Í sömu frétt hefði átt að taka fram að félagið Sögn ehf., sem er í eigu Baltasars Kormáks, er stór kröfuhafi í félaginu Andakt sem hélt utan um rekstur á kvikmyndinni Djúpinu. Fréttablaðið harmar að hafa ekki haft samband við Baltasar Kormák við vinnslu fréttarinnar.*

# Útflutningur lambs á hrakvirði

**Meðalverð á lambakjöti í útflutningi fyrstu sjö mánuði ársins rétt losar 500 krónur á kílóið. Hefur lækkað um 300 krónur á tveimur árum. Lambalæri fara út á 600 krónur en bjóðast Íslendingum á rúmar 1.000 krónur.**

**LANDBÚNAÐUR** Á fyrstu sjö mánuðum ársins voru flutt út um 1.050 tonn af lambakjöti samanborið við tæp 1.300 tonn fyrstu sjö mánuði ársins 2016. Meðalverð afurðanna nú er um 500 krónur á hvert kíló. Fyrir tveimur árum var verðið sem fékkst í útflutningi rúmar 800 krónur.

Vandi sauðfjárbænda er mikill. Útflutningsverðið hefur hrapað síðustu tvö árin og nú er svo komið að afurðastöðvarnar tapa háum fjárhæðum á hvert kíló sem sent er utan.

Sem dæmi hefur 232 tonnum af frystum lambalærum og lambalærissneiðum verið flutt út á fyrstu sjö mánuðum þessa árs. Verðið sem fengist hefur fyrir þann hluta er um 600 krónur á hvert kíló. Til samanburðar er ódýrasta lambalærið í Bónus á rúmar 1.000 krónur kílóið.

Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, bendir á að þetta sé allt of lágt verð. „Það eru allir sammála um að það verð á útflutningi sem við sjáum í dag er of lágt. Það var of lágt í fyrra en hefur lækkað meira núna í ár,“ segir Oddný Steina. „Þess vegna er mikilvægt að bregðast við stöðunni með tímabundnum aðgerðum. Við bentum á ákveðnar leiðir sem ráðherra hafnaði.“

Oddný Steina segir of margt sauðfé í landinu. „Eins og staðan er núna er offramleiðsla á lambakjöti. Hins vegar var ekki offramleiðsla fyrir tveimur til þremur árum. Fé mun fækka eftir útspil ráðherra, það er á hreinu. Það er hvati til þess að fækka fé.“

Á síðasta ári var 555 þúsund lömbum slátrað sem er ekki ósvipað því sem verið hefur frá 2012. Hins vegar var meðalþyngd lamba í fyrra sú mesta á því tímabili, eða um 16,7 kíló.

**sveinn@frettabladid.is**



**Íslendingar greiða töluvert hærra verð fyrir lambalæri í verslunum en viðskiptavinir erlendis.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







**Það eru allir sammála um að það verð á útflutningi sem við sjáum í dag er of lágt. Það var of lágt í fyrra en hefur lækkað meira núna í ár.**

Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda






# SÍ greiða aðeins tvær ferðir af þrjátíu

**STJÓRNSÝSLA** Karlmaður búsettur á landsbyggðinni mun fá tvær ferðir af átján greiddar hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ). Frekari kostnaðarþátttöku var hafnað af SÍ og sú ákvörðun staðfest af úrskurðarnefnd velferðarmála (ÚNV).

Maðurinn var staddur í Reykjavík í fyrra þegar hann varð fyrir slysi sem hafði í för með sér að hann missti löngutöng vinstri handar, brákaði baugfingur og litlifingur fór úr lið. Til að bjarga baugfingri hefur hann þurft sinkmeðferð en hún er aðeins í boði í Reykjavík. Hefur hann af þeim sökum átján sinnum þurft að gera sér ferð til höfuðborgarinnar.

Hann fór því þess á leit við SÍ að tryggingarnar tækju þátt í kostnaði vegna ferða til og frá borginni. SÍ hafnaði bóninni þar sem aðeins væri heimilt að greiða fyrir tvær slíkar ferðir á ári.

Maðurinn kærði þá niðurstöðu til ÚNV enda hafði hann farið átján ferðir og fyrirséð að þær yrðu um það bil þrjátíu alls.

ÚNV tók kæru mannsins ekki til greina heldur féllst á sjónarmið SÍ. Í reglugerð um ferðakostnað sjúklinga innanlands kæmi fram að tvær ferðir árlega fengjust greiddar. Undantekning heimilaði að fleiri ferðir væru greiddar en til þess þyrfti tilgreinda alvarlega sjúkdóma sem eru taldir upp í reglugerðinni. Meðferð mannsins þótti ekki falla undir þá undantekningarheimild og þarf hann því að bera kostnaðinn sjálfur. **– jóe**



**Meðferð mannsins er aðeins í boði í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RANGE ROVER EVOQUE

# HÖNNUN Í FREMSTU LÍNU

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn hrífandi nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Ný 2,0 lítra INGENIUM dísilvél Evoque er ekki einungis léttari og aflmeiri heldur nýtir hún eldsneytið að meðaltali um 17% betur og hefur að sama skapi 17% minni $CO_2$ útblástur. Við bjóðum ykkur velkomin að reynsluaka nýjum Range Rover Evoque.

**Range Rover Evoque SE**
**dísil, sjálfskiptur. Verð 6.890.000 kr.**

www.landrover.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Níu milljóna málskostnaður Íslandspósts

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands dæmdi í gær Íslandspóst til að greiða Fagco ehf. 8,5 milljónir króna í málskostnað. Er það rúmum 600 þúsund krónum minna en Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður úrskurðað um.

Málið er tilkomið vegna ósættis um eftirstöðvar vegna uppgjörs á verksamningi um endurbyggingu pósthússins í Vestmannaeyjum. Dómsátt náðist undir rekstri málsins.

Ákvörðun um málskostnað var lögð í hendur dómara. Héraðsdómari mat hann rúmar níu milljón krónur en Hæstiréttur lækkaði hann með hliðsjón af tilurð, umfangi og tilurð matsgerða málsins. – **jóe**

## Tillögur fækka ungum bændum

**LANDBÚNAÐUR** „Tillögur landbúnaðarráðherra eru tilviljunarkennt skot út í loftið og sýnir hve óvönduð vinnubrögðin eru,“ ritar Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, á Facebook-síðu sína. Á hann þar við tillögur um viðbrögð við vanda sauðfjárræktenda.

Formaður Landssamtaka sláturleyfishafa sagði í fréttum RÚV í gær að tillögurnar höfði mjög til ungra bænda. Þeir íhugi nú að bregða búi.

„Skotið virðist hafa hitt unga bændur sem er akkúrat fólkið sem við viljum ekki missa úr greininni,“ ritar Sigurður. – **jóe**

## Á fleygiferð um ólympíuleikvanginn



**Þátttakandi í árlegu göngugrindahlaupi hollenskra eldri borgara sést hér einbeittur á svip. Um þrjú hundruð manns tóku þátt í hlaupinu sem fram fór í gær í Amsterdam. Keppt var í þremur vegalengdum, 400 metra spretti, 1.000 metra skokki og 2.500 metra langhlaupi. Það var því eitthvað við hæfi allra keppenda. Líkt og alltaf fór hlaupið vel fram og engar fregnir hafa borist af því að einhver keppenda hafi fallið á lyfjaprófi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Pólitíska ábyrgðin verður rannsökuð

**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri vísar því á bug að verið sé að svæfa hugmyndir um rannsókn á Orkuveituhúsinu. Dómkvaddur matsmaður fær að ljúka úttekt sinni fyrst. Öllum spurningum sem út af standa verður svarað. Ábyrgð kjörinna fulltrúa ekki undanskilin.**

**REYKJAVÍK** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að hann og meirihlutinn í borginni séu samstiga um að tryggja að öllum útistandandi spurningum um Orkuveituhúsið verði svarað, þegar dómkvaddur matsmaður hefur lokið úttekt sinni. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sakar meirihlutann um að reyna að tefja opinbera rannsókn á tjóni höfuðstöðvanna og svæfa málið. Dagur vísar því á bug.

Meirihlutinn vísaði á fundi borgarstjórnar á þriðjudag tillögu Sjálfstæðisflokksins um ítarlega opinbera rannsókn og tillögu Framsóknar og flugvallarvina um úttekt á tjóninu til borgarráðs. Dagur segir að flestir hafi verið sammála um að fyrsta skrefið væri að leyfa dómkvöddum matsmanni að ljúka sinni vinnu fyrst.

„Verkefni hans myndu skarast við hugmyndir um úttektir þannig að matsmaður mun byrja og við krefja til mergjar þær spurningar sem hugsanlega standa eftir. Það er alger samstaða um það í borgarstjórn að komast til botns í þessu máli og rannsaka það til hlítar.“

Borgarfulltrúar fyrri og seinni tíma verða ekki undanþegnir slíkri rannsókn enda ólíklegt að dómkvaddur matsmaður muni leggja mat á þátt kjörinna fulltrúa.

Mikill pólitískur þrýstingur var á að byggingu OR-hússins yrði lokið á tilsettum tíma þar sem hún var þegar farin fram úr kostnaðaráætlun. Líkt og Fréttablaðið hefur fjallað um virðist þetta hafa komið niður á vinnubrögðum. En er ekki sjálfsagt að skoða hina pólitísku ábyrgð líka?

> **Það er sannarlega sorglegt hvernig komið er fyrir þessari byggingu.**
>
> Dagur B. Eggertsson borgarstjóri



„Jú, það er eitt af því sem verður skoðað í úttektinni,“ segir Dagur. „Og ef það er eitthvað sem dómkvaddur matsmaður fjallar ekki um munum við gera sérstaka úttekt. Ég mun einfaldlega tryggja að það verði komist til botns í því.“

Skotið hefur verið á Dag fyrir að vera eini borgarfulltrúi R-listans sem enn sitji í borgarstjórn. Flokksins sem réðst í framkvæmdina.

„Mér hefur fundist þessi málflutningur fremur ómerkileg tilraun til að dreifa athyglinni frá aðalatriðinu sem er að ákvörðunin um að byggja húsið var samþykkt þarna 1999–2000 með atkvæðum allra, líka Sjálfstæðisflokksins. Kjartan Magnússon er eini borgarfulltrúinn sem var í borgarstjórn þá.“ Sjálfur kveðst Dagur hafa verið í framhaldsnámi í Svíþjóð þegar ákvörðunin var tekin og Samfylkingin óstofnuð.

Fyrrverandi stjórnendur OR hafa gagnrýnt að húsið hafi fengið að grotna niður í viðhaldsleysi eftir hrun. Aðspurður hvort skorið hafi verið of mikið niður segir Dagur að nauðsynlegt sé að skoða það líka.

„En þangað til er óvarlegt að fullyrða hvort eitt frekar en annað skiptir máli í þessu. Stóra aðalatriðið er að þetta er mjög stórt tjón, mjög alvarlegt mál sem þarf að komast til botns í. Það er sannarlega sorglegt hvernig komið er fyrir þessari byggingu og það að vesturálman standi auð er tákn um hversu illa þetta mál hefur farið.“ **mikael@frettabladid.is**

LYFJA
– Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

15% afsláttur
af öllum Nicotinell Fruit pakkningum



**Gildir út september 2017**

Nicotinell Classic/Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

# HEILSUDAGAR

## 7.-17. SEPTEMBER

NOCCO 24 STK Í KASSA
5.500 kr/ks
verð áður 7.176

**NOCCO BCAA DRYKKIR**
BCAA + koffín er skothellt kombó.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

231 kr/stk
verð áður 289

**PROPUD**
Próteinbúðingur fyrir kröfuharða.

BAREBELLS
12 STK Í KASSA
2.899 kr/ks
verð áður 3.588

**BAREBELLS PRÓTEINSTYKKI**
Coconut-Choco, Caramel-Cashew og Cookies & Cream.
20 g af próteini í hverju stykki.

Nýtt í Hagkaup

279 kr/stk

**STABBUR MAKRÍLL**
4 tegundir – stútfullar af Omega fitusýrum.

Gildir til 17. september á meðan birgðir endast.

Veldu þínar 2 tegundir

Ný bragðtegund

AMINO ENERGY
VELDU 2 STK.
OG VERÐIÐ ER
4.899 kr/2 stk
verð áður 5.738

**AMINO ENERGY**
Gríðarlegt úrval af bragðtegundum.
Cherry er sú allra nýjasta.

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

254 kr/stk
verð áður 339

**DR. MARTINS KÓKOSMJÓLK**
Frábær í boostið og á morgunkornið.

HÁMARK
3 STK
Í PAKKA
445 kr/pk
verð áður 539

**HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR**
Næringarrík millimáltíð í daglegu amstri.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Fyrsta samkynja hjónavígslan fór fram í Færeyjum

**FÆREYJAR** Í gær fór fyrsta hjónavígsla samkynja pars fram í Færeyjum. Þar voru á ferðinni tveir breskir karlmenn sem komið höfðu til landsins til að láta gefa sig saman.

Það var Annika Olsen, bæjarstjóri í Þórshöfn, sem gaf mennina saman í ráðhúsi bæjarins.

Breytingar á hjúskaparlöggjöf Færeyja tóku gildi í byrjun júlí en þá var samkynja pörum gert kleift að giftast. Málið hafði verið umdeilt í Færeyjum og fólk ekki á eitt sátt um að leyfa breytinguna. **– jóe**

# Mars gegn hlýnun jarðar

**BRETLAND** Súkkulaðirisinn Mars hefur ákveðið að verja einum milljarði bandaríkjadala á næstu árum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Fyrirtækið vonast til þess að önnur stór fyrirtæki fylgi í kjölfarið.

Í yfirlýsingu frá fyrirtækinu segir að það stefni að því að draga úr kolefnisfótspori sínu og dótturfyrirtækja sinna um meira en sextíu prósent á næstu þrjátíu árum.

„Afleiðingar aðgerðaleysis eru frekari hlýnun jarðar og öfgafyllra veður sem síðan leiðir af sér harðæri í mörgum heimshlutum,“ segir Barry Parkin, yfirmaður sjálfbærni hjá Mars. „Við erum matvælafyrirtæki sem reiðir sig á landbúnað. Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum til að tryggja framtíð bænda sem sjá okkur fyrir hráefni.“ **– jóe**


Ódýrir gámar
Til sölu tjónaðir gámar á góðu verði
Upplýsingar í símum 841-2040 og 892-5616
Stólpi Gámar
Sími 568-0100




Opna á þriðju verslun H&M hér á land á Hafnartorgi þegar framkvæmdum þar verður lokið um mitt næsta ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fullviss um að verslun H&M verði opnuð á Hafnartorgi

**Orð forstjóra H&M Group um að ekki liggi fyrir ákvörðun um opnun verslunar á Hafnartorgi komu stjórnendum Regins á óvart. Fasteignafélagið óskaði eftir staðfestingu forsvarsmanna sænska fatarisans á að hún standi enn til. „Það er verið að byggja þessi hús og sérinnrétta fyrir H&M,“ segir forstjóri Regins.**

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Regins óskuðu í vikunni eftir staðfestingu forsvarsmanna H&M um að enn standi til að opna þriðju verslun sænska fatarisans hér á landi á Hafnartorgi í miðbæ Reykjavíkur. Forstjóri fasteignafélagsins segir orð forstjóra H&M Group í síðustu viku, um að ekki sé fullvíst að verslunin verði opnuð þar, hafa komið á óvart og vísar í leigusamning sem undirritaður var í júlí í fyrra.

„Það er búið að skrifa undir tvo samninga um þessa leigufermetra sem við kynntum og þeir eru enn í gildi. Það er verið að byggja þessi hús og sérinnrétta fyrir H&M og samskipti oft í viku við hönnunarteymi þeirra og þetta er á fleygiferð,“

> Það er búið að skrifa undir tvo samninga um þessa leigufermetra sem við kynntum og þeir eru enn í gildi.
>
> Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins



segir Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins.

Karl-Johan Persson, forstjóri H&M Group, sagði í samtali við Viðskiptablaðið síðasta fimmtudag að opnun verslunar sænska fatarisans á Hafnartorgi muni ráðast af gengi H&M í Smáralind og Kringlunni. Búið væri að taka ákvörðun um að opna þær tvær en sú þriðja væri í vinnslu, eins og Persson orðaði það.

Helgi vill ekki tjá sig frekar um málið að öðru leyti en að staðfesta að hann hafi óskað skýringa hjá H&M. Aftur á móti hafi hvorki Reginn né H&M farið fram á leiðréttingu á því sem haft var eftir Persson í viðtalinu.

Reginn keypti um 8.600 fermetra verslunar- og veitingarými á Hafnartorgsreitnum sem nú er í byggingu. Verklok eru áætluð um mitt næsta ár. Fasteignafélagið og dótturfélag þess, Eignarhaldsfélagið Smáralind, undirrituðu 8. júlí í fyrra leigusamninga við H&M um opnun verslana í Smáralind og á Hafnartorgi. Ljóst er að opnun H&M á torginu er mikilvægur hlekkur í uppbyggingu þess en líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðasta mánuði hafa stjórnendur Regins átt í viðræðum við marga aðra mögulega leigutaka og þar á meðal dönsku húsgagna- og búsáhaldaverslunina Illums Bolighus.

„Auðvitað er þetta stórt svæði en þetta er minni verslun en flaggskipið í Smáralind og stærri en verslun þeirra í Kringlunni,“ svarar Helgi aðspurður hvort stjórnendur Regins líti ekki svo á að H&M sé kjölfestuleigjandi á Hafnartorginu.

**haraldur@frettabladid.is**









Stefnir er dótturfélag Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hagnaður Stefnis meira en tvöfaldast milli ára

**VIÐSKIPTI** Hagnaður sjóðstýringarfélagsins Stefnis, sem er í eigu Arion banka, nam 669 milljónum króna á fyrri helmingi ársins og meira en tvöfaldaðist á milli ára. Hagnaðurinn var 322 milljónir á sama tíma í fyrra.

Hreinar rekstrartekjur félagsins voru 1,4 milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum ársins og jukust um tæp 49 prósent á milli ára. Á sama tíma jukust rekstrargjöld um 13 prósent og námu 612 milljónum króna.

Eigið fé Stefnis var rúmir 2,2 milljarðar króna og eignirnar 2,8 milljarðar í lok júnímánaðar. Var eiginfjárhlutfallið því 65 prósent.

Eignir í virkri stýringu minnkuðu frá áramótum um 31 milljarð og eru nú 377 milljarðar. Þróun ávöxtunar á innlendum hlutabréfamarkaði, lok líftíma sjóða og innlausnir eru helstu ástæður lækkunarinnar, að sögn forsvarsmanna Stefnis. **– kij**




brimborg
Öruggur staður til að vera á
Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík
Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri
mazda.is

# Sautjánda öldin grafin upp á Arnarstapa

**Stuttum en snörpum fornleifauppgreftri á Arnarstapa er að ljúka. Stjórnandi verkefnisins segir í ljós hafa komið leifar húss sem af minjum að dæma hafi verið tengt verslunarstað á sautjándu eða átjándu öld. Þátttakendurnir vonast eftir fjármagni til að halda áfram síðar.**



Kevin Martin við fornleifauppgröftinn á Arnarstapa. Í dag verður mokað yfir minjarnar – í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Munir sem hafa fundist við uppgröftinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Við áttum allt eins von á að staðurinn væri allur í graut eins og títt er um slíkar minjar en hann er algerlega óhreyfður og óspilltur aðeins um hálfan metra undir yfirborðinu.
>
> Kevin Martin, stjórnandi fornleifauppgraftrar á Arnarstapa

**FORNMINJAR** „Þetta er fyrsti fornleifauppgröfturinn á Íslandi sem beinist sérstaklega að minjum verslunar á sautjándu og átjándu öldinni,“ segir Kevin Martin sem stýrir uppgreftri á húsi á Arnarstapa sem ljóst þykir að sé frá því tímabili.

Uppgröfturinn er hluti af doktorsverkefni Kevins við Háskóla Íslands. Það sama gildir um Jakob Orra Jónsson sem tekur þátt í verkinu með Kevin ásamt þeim Huldu Björk Guðmundsdóttur og Gylfa Birni Helgasyni. Dr. Gavin Lucas, prófessor við Háskóla Íslands, leiðir verkefnið sem snýr að verslun á einokunartímabilinu og áhrifum verslunarinnar á íslenskt samfélag.

Kevin segir uppgröftinn hafa gengið afar vel á mjög stuttum tíma. Hann hófst fyrir aðeins átta dögum og í dag er verið að ganga frá. Í ljós hafi komið veggir og gólf í húsi sem örugglega sé miklu stærra en svæðið sem grafið var upp að þessu sinni. Ýmsar minjar, til dæmis brot úr leirofni og skreyttum diskum, brot úr hollenskum reykjarpípum sem flestar voru smíðaðar á 17. öld, og glergripir, til dæmis vínglös, bendi til þess að húsið tengist velefnuðu fólki á þeirra tíma vísu. Það gæti hafa verið amtmaður eða kaupmaðurinn á þessum hluta Snæfellsness.

„Við áttum allt eins von á að staðurinn væri allur í graut eins og títt er um slíkar minjar en hann er algerlega óhreyfður og óspilltur aðeins um hálfan metra undir yfirborðinu,“ segir Kevin.

Að sögn Kevins liggur nú fyrir að hylja svæðið aftur til að vernda það þar til næstu skref verða ákveðin. Uppgröfturinn hafi verið unninn með styrk frá Rannís en ekkert liggi fyrir um framhaldið.

„Þetta er mjög spennandi og það væri eflaust eftir miklu að slægjast að halda áfram en til þess þarf fjármagn. Við munum skoða það síðar en eins og staðan er núna höfum við nægan efnivið til að ljúka við doktorsverkefnið. Það tekur því við hjá okkur núna í framhaldinu að vinna úr því sem þegar er komið í ljós,“ segir Kevin Martin. **gar@frettabladid.is**




# KOMIÐ AÐ SKULDADÖGUM

## LISBETH SALANDER SNÝR AFTUR!




**VILDARVERÐ: 2.999.-**

Verð: 3.899.-

*Fyrst er að komast að sannleikanum. Síðan að grípa til hefnda ...*

**KEMUR ÚT UM ALLAN HEIM Í DAG!**

**Magnað framhald af einni vinsælustu spennusagnaröð samtímans sem hófst með bók Stiegs Larsson, Karlar sem hata konur.**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 10. september eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Ungverjar og Slóvakar verða líka að taka á móti flóttamönnum

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Evrópudómstóllinn hafnaði í gær kröfum Ungverja og Slóvaka um að hnekkja ákvörðun um dreifða móttöku flóttamanna innan Evrópusambandsins. Meirihluti ríkja Evrópusambandsins tók ákvörðunina árið 2015, þegar sem flestir flóttamenn komu til álfunnar, en Ungverjar og Slóvakar hafa ekki viljað taka á móti þeim flóttamönnum sem þeim er skylt að gera.

Ungverjar áttu samkvæmt áætluninni að taka á móti 1.294 flóttamönnum en Slóvakar 802. Hins vegar hafa Ungverjar ekki tekið á móti neinum og Slóvakía hefur einungis tekið á móti rúmum tug.

Ákvörðunin var tekin til þess að reyna að létta á þeim ríkjum sem flóttamenn koma fyrst til, einkum Ítalíu og Grikklandi. Kusu eingöngu Ungverjaland, Slóvakía, Tékkland og Rúmenía á móti.

Höfnun Evrópudómstólsins fór öfugt ofan í ríkin tvö. Sagði Peter Szijjarto, utanríkisráðherra Ungverjalands, í gær að úrskurðurinn væri óábyrgur og að hann myndi gera allt sem í sínu valdi stæði til að sniðganga hann. „Úrskurðurinn grundvallast á pólitík en ekki lögum eða sérfræðiálitum,“ sagði Szijjarto.

„Stjórnmálin hafa nauðgað evrópskum lögum og evrópskum gildum. Þessi úrskurður festir í raun yfirráð Evrópusambandsins yfir sambandsríkjum í lög. Hinn raunverulegi bardagi hefst núna.“ – **þea**



**Ungverjar komu upp girðingu á landamærum sínum 2015.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Kvíða- og þunglyndissjúklingar á Englandi fá sálfræðiþjónustu án endurgjalds.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Skoða ókeypis sálfræðiþjónustu

**DANMÖRK** Danir rannsaka nú hvort sami árangur muni nást í Danmörku og á Englandi af því að bjóða ókeypis þjónustu sálfræðinga. Frá 2008 hafa kvíða- og þunglyndissjúklingar á Englandi getað fengið sálfræðiþjónustu á kostnað ríkisins. Hingað til hafa 500 þúsund Englendingar notið góðs af slíkri þjónustu.

Kaj Sparle Christensen, prófessor við Árósaháskóla, segir sjúklingana ná bata fyrr og snúa fyrr til vinnu. Þess vegna sé endurgjaldslaus sálfræðiþjónusta hagur fyrir samfélagið. Danska ríkisútvarpið segir stjórnmálamenn bíða spennta eftir niðurstöðum rannsókna sérfræðinga á áhrifunum. – **ibs**



**Karlar biðja um hærri laun en konur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Karlar vænta hærri launa

**SVÍÞJÓÐ** Karlar krefjast að meðaltali yfir átta þúsundum sænskra króna hærri launa en konur. Það samsvarar um 106 þúsundum íslenskra króna. Þetta eru niðurstöður könnunar vinnumiðlunarinnar Jurek í Svíþjóð sem skráði launakröfur 1.200 manns í fyrra og á þessu ári.

Viðkomandi, sem eru við lögfræðistörf og störf í viðskiptageiranum, voru spurðir hverjar væru væntingar þeirra um laun í næsta starfi.

Framkvæmdastjóri Jurek, Shervin Razani, segir í viðtali við Dagens Industri að karlar hafi oft tilhneigingu til að ofmeta hæfni sína og krefjist hærri launa en vænta megi með tilliti til starfsins. Konur vanmeti hins vegar hæfni sína. Hvort tveggja eigi þátt í óréttlátum launum.

Til að jafna muninn þurfi vinnumiðlanir að gefa bæði fyrirtækjum og umsækjendum ráð. – **ibs**

# Irma veldur tjóni í Karíbahafi

**Betur fór en á horfðist þegar Irma gekk yfir Antígva og Barbúda í gær. Minnst tveir létust og aðrir tveir eru alvarlega slasaðir á St. Bart og St. Martin. Eignatjón talsvert. Búast má við að fellibylurinn gangi yfir Hispanjólu í dag og þaðan til Kúbu og Flórída. Meðalvindhraði fellibylsins var í gær nærri 83 metrar á sekúndu.**

**VEÐUR** Fimmta stigs fellibylurinn Irma eyðilagði í gær fjölda bygginga á frönskum eyjum í Karíbahafi. Mikil flóð fylgdu jafnframt ofsaveðrinu. Meðalvindhraði fellibylsins var í gær nærri 83 metrar á sekúndu.

Irma er öflugasti Atlantshafsstormur undanfarins áratugar og skall bylurinn á Antígva og Barbúda í gærmorgun áður en hann stefndi til eyjanna Saint Martin og Saint Barthélemy, þaðan hélt Irma yfir Jómfrúaeyjar og meðfram norðurströnd Púertó Ríkó. Spár gera ráð fyrir að Irma fari meðfram norðurströnd Hispanjólu í dag.

Minnst tveir létust, og aðrir tveir eru alvarlega slasaðir, á eyjunum St. Bart og St. Martin, en þær tilheyra Frakklandi. Í yfirlýsingu frá frönskum stjórnvöldum kom einnig fram að fjögur sterkbyggðustu húsin á Saint Martin hefðu hrunið, allt rafmagn farið af, slökkviliðsstöðin væri óstarfhæf og þök hefðu fokið af húsum. Franska ríkisstjórnin sendi neyðarsveitir sínar til eyjanna til að aðstoða fólk í neyð.

Gaston Browne, forsætisráðherra Antígva og Barbúda, tilkynnti um það í gær að guð hefði vakað yfir íbúum á Antígva í gær. „Spár gerðu ráð fyrir gríðarlegum hamförum á Antígva, að innviðir myndu hrynja, fólk myndi deyja og miklu áfalli fyrir hagkerfið. Í birtingu sjáum við að þetta stóðst ekki. Enginn hefur látist á Antígvu, allir lifðu af. Jafnvel dýrin okkar stóðu af sér storminn,“ segir í tilkynningunni.

„Þegar kemur að Barbúda virðist sem svo að nokkur skaði hafi orðið á byggingum en ég hef ekkert heyrt af mannfalli. Það varð Barbúda til góðs að eyjarskeggjar voru vel undirbúnir, rétt eins og á Antígva,“ segir enn fremur í tilkynningu Brownes.

Samkvæmt BBC er hins vegar óljóst hvert ástandið sé á Barbúda. „Við vitum eiginlega ekkert hvað er að gerast,“ sagði antígski blaðamaðurinn Gemma Handy við BBC.



**Fimmta stigs fellibylurinn Irma sést hér á miðri mynd. Hægra megin má sjá hitabeltisstorminn Jose elta Irmu.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Fylgist náið með fellibylnum. Liðið mitt, sem hefur unnið og er að vinna gott starf í Texas, er nú þegar komið til Flórída. Það er enginn tími fyrir hvíld!**
>
> Donald Trump Bandaríkjaforseti, á Twitter í gær

Eins og áður segir mun Irma að öllum líkindum fara með fram norðurströnd Hispanjólu í dag. Samkvæmt spá bandarísku fellibyljastofnunarinnar NHC mun miðja Irmu ganga yfir austurhluta Kúbu á föstudag og að öllum líkindum á land á suðurodda Flórídaríkis Bandaríkjanna á sunnudag.

Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur lýst yfir neyðarástandi í Flórída, Púertó Ríkó og á Bandarísku Jómfrúaeyjum vegna Irmu og var íbúum Key West, eyju við suðurodda Flórída, gert að yfirgefa hana snemma í gær.

„Fylgist náið með fellibylnum. Liðið mitt, sem hefur unnið og er að vinna gott starf í Texas, er nú þegar komið til Flórída. Það er enginn tími fyrir hvíld!“ skrifaði forsetinn á Twitter í gær. Vísaði hann þar til þess að fellibylurinn Harvey gekk á land í Texas og fór þaðan til Louisiana um mánaðamótin. Olli Harvey gríðarlegu tjóni og kostaði tugi mannslífa.

Mögulega mun þriðji fellibylurinn hrella íbúa Norður-Ameríku á næstunni en hitabeltisstormurinn Jose fylgir fast á hæla Irmu. NHC spáir því að Jose muni breytast í fellibyl. Viðvaranir hafa ekki verið gefnar út vegna Jose en NHC hefur beint þeim tilmælum til íbúa Leeward-eyja að vera vel á varðbergi.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Bandaríkin vilja stöðva olíusölu til Norður-Kóreu

**BANDARÍKIN** Stjórnvöld í Washington-borg vilja að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki að banna sölu á olíu til Norður-Kóreu vegna kjarnavopnatilrauna stjórnvalda í Pjongjang.

Reuters-fréttastofan greinir frá því að auk olíubannsins vilji Bandaríkjamenn að hertar refsiaðgerðir feli í sér bann við útflutningi á vefnaðarvöru frá Norður-Kóreu og að bannað verði að ráða norðurkóreska verkamenn erlendis.

Þá verði eignir Kim Jong-un, leiðtoga landsins, frystar og hann settur í ferðabann.

Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna við Sameinuðu þjóðirnar, er sögð vilja að öryggisráðið kjósi um tillögu þessa efnis á mánudag.

Óvíst er hins vegar hvort Rússar eða Kínverjar, sem báðir hafa neitunarvald í ráðinu, styðji tillöguna. Vassilí Nebenzia, sendiherra Rússa, segir mögulega ótímabært að leggja slíka tillögu fram. – **kk**



**Kim Jong-un er leiðtogi Norður-Kóreu**

**Nikki Haley, sendiherra Bandaríkjanna við Sameinuðu þjóðirnar, er sögð vilja að öryggisráðið kjósi um hertar refsiaðgerðir á mánudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# FRÍHAFNARDAGAR

# TAX FREE

# SNYRTIVÖRU DAGAR

DAGANA 7.-11. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


Byggjum von um betra líf
Á allra vörum safnar til byggingar húsnæðis fyrir konur sem flúið hafa ofbeldi.
KVENNA ATHVARF
SKOT
Pipar\TBWA
trickshot
MEDIA RENTAL


Það er erfitt að meta nákvæmlega hversu margir einstaklingar búa við heimilisofbeldi á Íslandi. Staðreyndin er samt sú að á síðasta ári dvöldu 116 konur hjá Kvennaathvarfinu.
Stór hluti þeirra neyddist til að snúa aftur heim í ofbeldið. Kvennaathvarfið veitir öruggt skjól til skamms tíma en saman þurfum við að tryggja húsnæði fyrir þær konur og þau börn sem hafa ekki í önnur hús að venda þegar dvölinni lýkur.
Á allra vörum safnar nú fyrir byggingu nýs langtímahúsnæðis sem hjálpar konum að taka næstu skref í átt að sjálfstæðri búsetu með von um betra líf.
Á ALLRA VÖRUM
Leggðu átakinu lið
og kauptu varasett á aallravorum.is
Audioland
benecos
náttúruleg fegurð
KONTRAST
Síminn
RÚV

# Virði VÍS metið lægra en Sjóvár og TM

**Verðmat sérfræðinga Capacent á VÍS er áberandi lægra en hjá hinum skráðu tryggingafélögunum, Sjóvá og TM. Þeir telja þó afkomu félagsins á fyrri helmingi ársins gefa tilefni til meiri bjartsýni en áður. „Veruleg tækifæri“ séu til virðisaukningar hjá tryggingafélaginu.**

„Veruleg tækifæri“ eru til virðisaukningar hjá tryggingafélaginu VÍS að mati sérfræðinga Capacent. Verðmat þeirra á félaginu er áberandi lægra en hjá hinum skráðu tryggingafélögunum tveimur, Sjóvá og TM, en þeir taka þó fram að afkoma félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins gefi fullt tilefni til meiri bjartsýni en áður.

Samkvæmt nýju verðmati sérfræðinga Capacent, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er gengi hlutabréfa í félaginu metið á 10,4 krónur á hlut. Það er um 5,6 prósentum hærra en gengi bréfanna stóð í þegar mörkuðum var lokað í gær. Til samanburðar er verðmatsgengi Sjóvár og TM um 20 prósentum yfir markaðsverði félaganna.

Sérfræðingar Capacent benda á að virði VÍS sé metið lægst af tryggingafélögunum þremur sé miðað við hefðbundnar verðkennitölur. Þannig stendur VÍS lakast að vígi þegar litið er til fjárfestingartekna félaganna sem hlutfalls af fjáreignum og er niðurstaðan sú sama ef tekið er mið af verðmati Capacent sem hlutfalli af bókfærðu virði félaganna (P/B).

Samsett hlutfall VÍS, það er hlutfall rekstrar- og tjónakostnaðar af eigin iðgjöldum, hefur að sögn Capacent verið áberandi hærra en hjá Sjóvá og TM síðustu ár. Kann sá munur að útskýra að hluta til hvers vegna verðmatið á félaginu er eins lágt og raun ber vitni.

Hlutabréfagreinendur hagfræðideildar Landsbankans hafa jafnframt bent á að hlutabréf VÍS séu verðlögð um 10 til 15 prósentum lægra gagnvart hlutabréfum Sjóvár og TM sé litið til hefðbundinna verðkennitalna. Arðsemi eigin fjár tveggja síðarnefndu félaganna hafi hingað til réttlætt þennan mun en það kunni hins vegar að fara að breytast.

Sérfræðingar Capacent segja að kveðið hafi við nýjan tón í uppgjöri VÍS fyrir fyrstu sex mánuði ársins. Sérstaka athygli vakti góð afkoma félagsins af vátryggingarekstri, en til marks um það var samsetta hlutfallið 83,7 prósent á öðrum fjórðungi ársins. Hefur það ekki verið lægra í „manna minnum“ að sögn Capacent. Gera stjórnendur félagsins ráð fyrir að hlutfallið verði á bilinu 95 til 98 prósent á árinu.

Greinendur Landsbankans benda hins vegar á í viðbrögðum sínum við uppgjöri VÍS að afkoma vátryggingarekstrar félagsins hafi verið slök á fyrsta fjórðungi ársins og því sé samsetta hlutfallið 95,2 prósent þegar horft sé til fyrstu sex mánaða ársins. Þeir telja ólíklegt að VÍS verði með lægsta hlutfallið af tryggingafélögunum til langs tíma litið og benda í því sambandi á að samkeppnisforskot í vátryggingarekstri vari venjulega um stutt skeið.

Sögulega séð er samsett hlutfall íslenskra tryggingafélaga fremur hátt, yfir eitt hundrað prósent, og hafa þau því að jafnaði þurft að reiða sig á fjárfestingartekjur til að skila hagnaði.

Hlutfallið var 105,6 prósent hjá TM og 100,4 prósent hjá Sjóvá á öðrum fjórðungi ársins. Að mati greinenda olli rekstur TM vonbrigðum á tímabilinu, en sérfræðingar Capacent benda þó á að fjárfestingartekjur félagsins hafi verið ljósi punkturinn í uppgjörinu. Ávöxtun eignasafns TM hefur verið um 17 prósent á síðustu tólf mánuðum sem verður að teljast sérstaklega góð ávöxtun.

Capacent metur gengi bréfa TM á 35,0 krónur á hlut, en til samanburðar var gengi bréfanna 29,3 þegar mörkuðum var lokað í gær. Hefur verðmat Capacent lækkað umtalsvert frá því í maí, fyrst og fremst vegna verri afkomu af vátryggingarekstri á fyrri helmingi ársins en áður var reiknað með. Þess má þó geta að spá forsvarsmanna félagsins gerir ráð fyrir að síðari helmingur ársins verði mun betri en sá fyrri. Gera þeir ráð fyrir að samsetta hlutfallið verði 101 prósent á árinu í heild.

Sérfræðingar Capacent meta gengi bréfa Sjóvár á 19,7 krónur á hlut sem er tæplega tuttugu prósentum yfir markaðsgengi bréfanna í gær. Er verðmatsgengið óbreytt frá því í maí. Hlutabréf tryggingafélagsins hafa lækkað um rúmlega fimmtán prósent í verði frá því í byrjun maímánaðar. Eiga greinendur Capacent erfitt með að útskýra það í ljósi þess að „reksturinn hefur gengið vel og verið umfram væntingar“.

**kristinningi@frettabladid.is**



Afkoma VÍS á öðrum fjórðungi var sú besta frá því að félagið var skráð á markað í apríl 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**83,7%**
**var samsett hlutfall VÍS á öðrum fjórðungi ársins.**

**106%**
**var samsett hlutfall TM á öðrum fjórðungi ársins.**

# ESÍ lagt niður fyrir árslok

Stefnt er að því að setja Eignasafn Seðlabanka Íslands (ESÍ) í slit fyrir lok ársins. Tafir hafa orðið á slitum félagsins, sem heldur á milljarða króna eignum sem ríkissjóður leysti til sín eftir bankahrunið 2008, en stjórnendur Seðlabankans höfðu áður gert ráð fyrir að leggja félagið niður á síðasta ári.

Fram kemur í bréfi Seðlabankans til umboðsmanns Alþingis, sem fjallað er um í nýbirtri ársskýrslu umboðsmanns, að frágangur mála sem tengist ESÍ og dótturfélögum þess, þar með talin dómsmál, hafi orðið til þess að upphafi slita á félaginu hafi verið frestað fram á þetta ár.

Verulega hefur dregið úr starfsemi ESÍ, en í bréfinu segir að stærð efnahagsreiknings félagsins hafi numið um 43 milljörðum króna í lok síðasta árs borið saman við 133 milljarða í lok árs 2015. Mestu hafi munað að ESÍ gerði upp skuldir sínar við Seðlabankann með afhendingu eigna og reiðufé.

Seðlabankinn segir að til þess að áfram yrði mögulegt að halda eignum sem voru komnar til vegna falls gömlu bankanna aðgreindum frá efnahagsreikningi bankans, þá hafi um síðastliðin áramót verið ákveðið að ljúka fyrst slitum á dótturfélögum ESÍ og bíða með að slíta félaginu sjálfu þar til niðurstaða í síðasta dómsmáli félagsins liggi fyrir.

Slitaferli dótturfélaganna hófst fyrr á árinu og er stefnt að því að ljúka því á haustmánuðum. Í kjölfarið mun ESÍ verða sett í slit.

Umboðsmaður Alþingis hefur áður látið í ljós það álit sitt að Seðlabankinn hafi ekki haft skýra lagaheimild til þess að setja ESÍ á stofn. Í bréfi umboðsmanns frá því í október 2015 sagði að mikilvægt hefði verið, ef það væri á annað borð vilji stjórnvalda að viðhalda því fyrirkomulagi að verkefni Seðlabankans væru falin sérstöku einkahlutafélagi í eigu bankans, að leita eftir afstöðu Alþingis til þess hvort setja ætti slíka heimild í lög.

Bankaráð Seðlabankans tók undir þessar athugasemdir og sagði í bréfi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins að ástæða kynni að vera til þess að styrkja lagagrundvöll ESÍ. **– kij**



**Már Guðmundsson seðlabankastjóri.**




25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU GARNI, PRJÓNUM,
PRJÓNABLÖÐUM OG ÚTSAUMSPÖKKUM
FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM
Gildir til 10. september
A4 KLÚBBURINN
Það er einfalt að skrá sig á A4.is
eða í næstu verslun.
Vertu með, það margborgar sig.
SAFNAÐU INNEIGN
Meðlimir í A4 klúbbnum
fá 5% afslátt af öllum
kaupum í formi inneignar.
Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is
A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook pinterest.com/a4fondur og instagram.com/a4verslanir
A4

# Bjartur lifir



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Ef lögmál framboðs og eftirspurnar gilti um sauðfjárrækt hér á landi sætu bændur ekki uppi með tvö þúsund tonna birgðir af kindakjöti. Birgðir af óseldu kindakjöti er í samhengi sögunnar endurtekið efni og áþreifanleg birtingarmynd þess að eitthvað sé að kerfinu.

Íslenska sauðkindin varð ráðandi í íslenskum landbúnaði því aðstæður hér hentuðu kindinni betur en svínum og nautgripum sem landnámsmenn komu með með sér á 9. öld. Sauðfjárrækt hefur þannig fylgt íslensku samfélagi í meira en þúsund ár.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kynnti í gær aðgerðir til að mæta vanda sauðfjárbænda. Markmiðið er að fé verði fækkað um 20 prósent með því að gefa bændum kost á að hætta sauðfjárframleiðslu en halda áfram greiðslum samkvæmt sauðfjársamningi í fimm ár. Sauðfjárbændur fá tæplega 5 milljarða króna frá skattgreiðendum árlega í formi beinna millifærslna. Vegna framleiðslukostnaðar eru meðallaun sauðfjárbænda hins vegar langt undir þeirri fjárhæð sem þeir fá úthlutað og fæstir sem stunda sauðfjárrækt byggja afkomu sína á henni einni saman.

Fyrir um áratug varð markaðshlutdeild alifuglakjöts (kjúklings) meiri en lambakjöts hér á landi. Í raun ættu ábyrgir íslenskir neytendur að velja lambakjöt fram yfir alifuglakjöt alla daga ársins. Bæði eru framleiðsluhættir í kindakjötsframleiðslu betri fyrir dýrin sjálf og þeir eru í flestum tilvikum umhverfisvænni. Skilningi vísindamanna á heilabúum fugla hefur fleygt hratt fram á síðustu tveimur áratugum. Það er engum vafa undirorpið að kjúklingar á framleiðslubýlum Vesturlanda upplifa ólýsanlegar þjáningar og sársauka. Smekk neytenda verður hins vegar ekki breytt á einni nóttu. Það er ekki hægt að ýta á takka til að örva innlenda eftirspurn eftir lambakjöti. Stjórnmálamenn þurfa því að koma með raunhæfar lausnir á vanda sauðfjárbænda. Þá þurfa bændur að efla markaðssetningu á íslensku lambakjöti erlendis. Sóknarfæri felast í því að selja það sem víðast sem vöru með sérstöðu. Hún felst meðal annars í því að stóran hluta ævinnar lifir lambið villt í óbyggðum og þá er lítil lyfjanotkun í íslenskri sauðfjárrækt.

Sjálfstætt fólk er líklega ein áhrifamesta bók sem skrifuð hefur verið um fátækt og lífsbaráttu á Íslandi. Tengslin milli sögunnar og raunveruleikans hafa hins vegar aldrei rofnað því líf margra sauðfjárbænda á Íslandi er einhvers konar 21. aldar útgáfa af tilveru Bjarts í Sumarhúsum. Margir bændanna þurfa viðbótartekjur til að búa fjölskyldum sínum mannsæmandi líf. Ríkisvaldið hefur skyldum að gegna gagnvart þessu fólki. Þess vegna er það rétt skref að veita bændum þann valkost að hætta sauðfjárrækt en halda greiðslum frá ríkinu í fimm ár til að laga sig að breyttum veruleika. Í fyllingu tímans munum við þurfa að nútímavæða sauðfjárrækt á Íslandi. Við getum hins vegar ekki kollvarpað greininni á einni nóttu. Hægfara breytingar og aðlögun, eins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur nú boðað, er skref í rétta átt.

**Tengslin milli sögunnar og raunveruleikans hafa hins vegar aldrei rofnað því líf margra sauðfjárbænda á Íslandi er einhvers konar 21. aldar útgáfa af tilveru Bjarts í Sumarhúsum.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Makaskipti**

**Það eru margir æfir yfir ástandinu á Orkuveituhúsinu á Hálsunum. Kvartað er undan mygluskemmdum í húsinu og er talið að hugsanlega þurfi að rífa það. Þeir eru fjölmargir sem óttast að mygluskemmdir geti haft varanleg heilsufarsleg áhrif enda hefur fjöldamörgum híbýlum opinberra stofnana verið lokað upp á síðkastið vegna skemmda. Kári Stefánsson er þó með efasemdir. Hann finnur ekkert sem styður fullyrðingar um heilsuleysi vegna myglu. Íslensk erfðagreining á fyrirtaks húsnæði í Vatnsmýri og fyrst Kári er hvergi banginn má alltaf velta fyrir sér hvort Orkuveitan og Íslensk erfðagreining geti ekki haft makaskipti.**

jonhakon@frettabladid.is

**Ómennska**

**Nú stendur til að flytja tvær flóttafjölskyldur úr landi á allra næstu dögum. Í báðum fjölskyldum eru ungar stúlkur, ellefu og átta ára, sem fæddar voru á flótta.**

**Það er ómennska að vísa fólki á flótta úr landi, sér í lagi þegar um er að ræða lítil börn. Þá dugar skammt að skýla sér á bak við afsakanir um að reglurnar séu bara svona – því reglum er hægt að breyta.**

**Í þokkabót er skortur á starfsfólki í fjölmörgum atvinnugreinum og því einfaldlega vitlaust að henda fólki, sem vill og getur unnið, úr landi.**

thorgnyr@frettabladid.is

# SA & samfélagsleg ábyrgð



**Guðmundur Ingi Þóroddsson**
formaður Afstöðu – félags fanga

Tugir fanga á Íslandi ljúka afplánun sinni á ári hverju. Þeir fara um sem frjálsir menn en eiga engu að síður erfitt með að fá störf og húsnæði. Helmingur þeirra sem losna brýtur af sér að nýju og endar á sama stað. Þetta kostar samfélagið milljarða enda snertiflöturinn víða, t.d. hjá lögreglu, dómstólum, fangelsunum, heilbrigðiskerfinu og velferðarkerfinu. Er þá ónefndur kostnaður dómþola og ekki síður brotaþola sem getur bæði verið fjárhagslegur og persónulegur.

Meira en helmingur fanga endar sem öryrkjar eða þarf á framfærslu sveitarfélaga að halda til langs tíma. Ekki alls fyrir löngu kom fram í fjölmiðlum að aldrei hafi jafn margir þegið fjárhagsaðstoð eins og um þessar mundir. Jafnframt kom fram að stærsti hópurinn væri einhleypir karlmenn með litla menntun. Langstærsti hópur fanga er einmitt einhleypir karlmenn með litla menntun. Þetta eru mennirnir sem koma út úr fangelsunum, frjálsir en hafa ekkert í farteskinu til að takast á við lífið.

### Starfsþjálfun í fangelsum

Í mínum huga er skýrt að atvinnulífið, Samtök atvinnulífsins sérstaklega, þarf að koma að málum. Þróa mætti styttri námskeið þannig að fangar í afplánun fengju starfsþjálfun sem nýtast myndi utan veggja fangelsisins. Þá verður að vera vilji til að ráða fyrrverandi fanga til starfa því fái hann ekki tækifæri endar hann aftur í fangelsi. Það er samfélagslega hagkvæmt að fangar fái tækifæri og njóti aftur trausts.

Með því að skapa störf fyrir fyrrverandi fanga lækkar kostnaður og tekjur aukast í formi skatta, auk þess sem samfélagið fær nýta þegna sem skila einhverju til baka en taka ekki eingöngu. Ég skora því á Samtök atvinnulífsins og atvinnurekendur almennt að sýna samfélagslega ábyrgð í verki og taka upp hanskann fyrir fyrrverandi fanga.

Yfir til ykkar.

**Með því að skapa störf fyrir fyrrverandi fanga lækkar kostnaður og tekjur aukast í formi skatta.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Stjórnarskrá handa sjálfstæðu Grænlandi

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Fjögur Evrópulönd eru og hafa lengi verið í sjálfstæðishugleiðingum: Færeyjar, Grænland, Katalónía og Skotland. Grænland sker sig úr að því leyti að þar er einhugur á þingi um að landið þurfi að taka sér fullt sjálfstæði frá Dönum líkt og Íslendingar gerðu 1944. Allir flokkar á þinginu í Nuuk telja að heimastjórnin sem 70% kjósenda ákváðu að taka sér 1979 dugi ekki lengur. Ekki er vitað hvernig kjósendur myndu greiða atkvæði um fullt sjálfstæði væru þeir spurðir, en ætla má að einhugur allra flokka á þingi sé ávísun á vænan meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessu er ekki til að dreifa í Færeyjum og Katalóníu og á Skotlandi því þar takast á nokkurn veginn jafnstórar fylkingar þeirra sem aðhyllast sjálfstæði og hinna sem kjósa heldur óbreytt ástand.

**Fyrir nefndarmönnum vakir einkum þrennt: Fullt sjálfstæði, varðveizla grænlenzkrar tungu og menningar og sjálfbær stjórn náttúruauðlinda í þágu grænlenzku þjóðarinnar.**

### Samfélag sjálfstæðra ríkja

Færeyingar hafa samið sér prýðilega stjórnarskrá sem hefur beðið þess í nokkur ár að vera borin undir þjóðaratkvæði og er nú aftur í deiglunni. Danska ríkisstjórnin hefur andmælt stjórnarskránni með þeim rökum að hún geri ráð fyrir fullu sjálfstæði sem Færeyingar hafi ekki enn getað komið sér saman um. Þetta virðist vera fyrirsláttur af hálfu Dana. Auðvitað er vandalaust að orða nýju stjórnarskrána svo að hún samrýmist óbreyttri stöðu Færeyja innan danska ríkjasambandsins líkt og íslenzka stjórnarskráin gerði frá 1874 til 1944. Á þetta hef ég bent lögmanni Færeyja í skriflegri athugasemd við frumvarpið. Lögmanninum bárust fleiri en 120 athugasemdir frá óbreyttum borgurum innan lands og utan. Sum erindin vara við tilraunum þingmanna til að úrbeina auðlindaákvæðið sem var prýðilegt í fyrstu gerð frumvarpsins eins og ég mun lýsa hér eftir viku.

Katalónar og Skotar vinna að því að semja nýjar stjórnarskrár sem sjálfstæðissinnar í löndunum telja snaran þátt sjálfstæðisbaráttunnar. Hugsunin er að sjálfstæðisyfirlýsingu þurfi að fylgja ný stjórnarskrá sem er öðrum þræði eins konar erindisbréf við inngöngu í samfélag sjálfstæðra ríkja. Sjálfstæðissinnar í báðum löndum líta til nýju stjórnarskrárinnar sem Alþingi á eftir að staðfesta hér heima sem fyrirmyndar varðandi bæði efnislegt inntak og aðferð við samningu. Lýðræði og valddreifing eru þeim ofarlega í huga eins og vænta má um lönd sem eru að reyna að brjótast undan yfirráðum Spánverja og Englendinga.

### Þáttur Alþingis

Þessi hugsun var einnig hugsuð hér heima 1944. Allir flokkar á þingi hétu því þá hátíðlega að ráðast strax í allsherjarendurskoðun stjórnarskrárinnar eins og Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hefur lýst öðrum betur. Alþingi heldur þó áfram að svíkjast um líkt og það sé lamað af ótta við veldi útvegsmanna, veldi sem Alþingi bjó sjálft til með lögfestingu fyrstu fiskveiðistjórnarlaganna 1983 og flokkarnir og menn á þeirra vegum hafa mjólkað æ síðan. Upplýsingar Rannsóknarnefndar Alþingis um gríðarleg fjárframlög föllnu bankanna til stjórnmálamanna og flokka fram að hruni knýja á um að þingið skipi nýja rannsóknarnefnd til að kortleggja bein og óbein framlög fyrirtækja til stjórnmálamanna og flokka fyrr og nú svo fólkið í landinu fái að sjá hvernig landið liggur. Sam



Rayburn, forseti neðri deildar Bandaríkjaþings 1940-1961 með stuttum hléum, sá forseti þingsins sem lengst hefur setið, geymdi þykka seðlavöndla frá olíugreifum í Texas í skrifborðsskúffu sinni til að gleðja samþingmenn sína þegar með þurfti. Varla var hann einn um það.

### Við þekkjum þennan söng

Aftur til Grænlands. Nefnd grænlenzkra þingmanna vinnur nú að því að semja stjórnarskrá handa Grænlandi, stjórnarskrá sjálfstæðs Grænlands. Þingið ætlar síðan að bera hana undir þjóðaratkvæði. Fyrir nefndarmönnum vakir einkum þrennt: Fullt sjálfstæði, varðveizla grænlenzkrar tungu og menningar og sjálfbær stjórn náttúruauðlinda í þágu grænlenzku þjóðarinnar. Grænlendingar geta átt von á að andstæðingar sjálfstæðs Grænlands í Danmörku og erindrekar þeirra reyni að dulbúa andstöðu sína með því að segja að textanum séu lagatæknilegir meinbugir o.s.frv. Til að verjast slíkum áburði þurfa Grænlendingar að gæta þess að skýra mál sitt vel fyrir kjósendum og vekja jafnframt áhuga erlendra sérfræðinga á málinu frá byrjun því þeir munu áreiðanlega koma vandaðri stjórnarskrá Grænlands til varnar eins og þeir hafa gert á Íslandi.















# Jökulsárlón á Breiðamerkursandi – Þjóðleiðin um Breiðamerkursand



**Páll Imsland**
jarðfræðingur

Fjaran framan við Jökulsárlón hefur verið að hörfa inn til landsins síðan Breiðamerkurjökull var í hámarki um aldamótin 1900. Þá var breiður en stuttur útburgur á fjörunni til hafs, afleiðing af framrás Breiðamerkurjökuls á litlu ísöld (1250-1900). Straumar og hafalda hafa síðan eytt þessum útbug. Hörfun Breiðamerkurjökuls hefur fylgt sístækkandi lón, sem skömmu eftir að það varð fyrst til í kringum 1930 fékk sama yfirborð og hafið.

Á milli lónsins og hafsins er nú aðeins nokkur hundruð metra breitt haft, sem Jökulsá rennur í gegnum og rennur í báðar áttir. Á aðfalli rennur hlýr og saltur sjór inn í lónið en á útfallinu streymir köld ísölt blanda sjávar og bræðsluvatns úr jöklinum til sjávar. Þetta haft eru úr lausum efnum, sandi og grjóti og hörfar undan haföldunni og hafstraumum. Það hefur stanslaust gengið á það í þeim mæli að það mjókkar ört.

Villtustu spekúlasjónir manna hafa séð fyrir sér að hafið muni rjúfa þetta haft og þá muni þarna myndast opinn fjörður sem Breiðamerkurjökull muni kelfa í. Það er rétt sýn að haftið mun um síðir rofna og kannski er alls ekki svo mjög langt í það. Það veltur á veðurfari. Það er hins vegar ekki rétt sýn að þarna muni þá myndast víður eða opinn fjörður. Hvergi á jörðinni er til opinn fjörður á sandströndu. Firðir eru landslagsfyrirbæri sem bundin eru ströndum úr föstu bergi, klettaströndum.

**Til þess að koma í veg fyrir að ströndin rofni á milli sjávar og lóns, er í raun ekki nema ein leið fær. Það þarf að verja haftið, styrkja það með verklegum framkvæmdum. Þar koma nokkrar aðferðir til greina og skal ekki farið út í það hér, en betur rýnt í ástandið eins og það er núna.**

Það sem mun gerast þegar haftið rofnar og lónið opnast út er að hafalda og straumar munu sópa sandi og möl upp í opið og loka því aftur, en við það hækkar vatnsborðið í lóninu og verður hærra en sjávarmál. Lónið brýtur sér þá leið út til hafs aftur. Aldan lokar á ný og lónið brýtur sér leið út aftur og þannig koll af kolli. Það mun alltaf verða ós á lóninu en hann mun verða á flakki frá einum stað til annars. Til þess að hann staðfestist til langframa þarf klett, sem hann getur hengt sig á og bundist en enginn slíkur er til staðar. Allir ósar á sandströndum, sem ekki hafa kletta að styðjast við, hafa tilhneigingu til að flakka eftir ströndinni í aðra hvora áttina eftir því hvernig veðrátta ríkir.

## Ekki nema ein leið fær

Til þess að koma í veg fyrir að ströndin rofni á milli sjávar og lóns, er í raun ekki nema ein leið fær. Það þarf að verja haftið, styrkja það með verklegum framkvæmdum. Þar koma nokkrar aðferðir til greina og skal ekki farið út í það hér, en betur rýnt í ástandið eins og það er núna. Til þess að einfalda varnaraðgerðir og auka líkur á því að þær endist vel og gagnist er best að losna við Jökulsá. Hún rennur á viðkvæmasta stað um haftið og um farveg hennar er sífelldur straumur, út eða inn. Það flækir allar varnaraðgerðir stórlega.

Ef áin er stífluð upp við lónið eru varnir og styrking strandarinnar bæði auðveldari og öruggari. Við slíka stíflu þarf að hækka í lóninu um nokkra metra og opna stóran útfall úr lóninu þar sem vatnið getur flætt langa leið til sjávar og ekki þarf að hafa áhyggjur af því að það veiki ströndina. Hleypa má vatninu út bæði austur í gegnum gamla Stemmufarveginn og vestur í farveg gömlu Nýgræðukvíslanna, sem munu skila vatninu vestur í Breiðárlón og um ós þess til sjávar. Þetta kostar nýja brú á sandinum, en á móti kemur að núverandi einbreiða brú má leggja af og þá sparast viðhaldskostnaður og nauðsynleg endurnýjun brúarinnar.

Með svona aðgerðum má tryggja áframhaldandi vegar- og línustæði um Breiðamerkursand um óralanga framtíð. En það er á hinn bóginn inngrip í þá náttúrufarslegu þróun sem er í gangi á svæðinu og mun breyta ímynd og ástandi Jökulsárlóns. Það verður rætt í lokaþætti greinarinnar.

# Endurskoðun stjórnarskrárinnar – Eftir hverju er beðið?



**Ágúst Þór Árnason**
sat í stjórnlaganefnd 2010-2011



**Skúli Magnússon**
sat í stjórnlaganefnd 2010-2011

Í grein í þessu blaði 10. nóvember sl. rifjuðum við upp tilraunir undanfarinna ára til heildarendurskoðunar stjórnarskrárinnar, þ. á m. setningar laga um Stjórnlagaþing árið 2010 og tillögur Stjórnlagaráðs sem kynntar voru á þeim grunni sumarið 2011. Við vísuðum einnig til þess að í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu haustið 2012 samþykktu 64,2% þeirra sem greiddu atkvæði að tillögur Stjórnlagaráðs yrðu lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Þótt fyrir lægi að uppi væri afgerandi krafa um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar töldum við að ekki yrði hjá því litið að umræða síðustu missera hefur einkennst af togstreitu milli þeirra sem telja að leggja eigi tillögur Stjórnlagaráðs til grundvallar, meira eða minna óbreyttar, og þeirra sem virðast vilja sem allra minnstar eða jafnvel engar breytingar. Við þessar aðstæður lögðum við eftirfarandi til:

1. Að Alþingi samþykki langtímaáætlun, t.d. 12 ár, um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, helst einróma, þar sem vísað væri til helstu efnislegu forsendna endurskoðunar, svo sem frumvarps Stjórnlagaráðs og reynslunnar af gildandi reglum.

2. Að í ályktun Alþingis sé kveðið á um stofnun a.m.k. 30 manna Stjórnarskrárráðs sem í væri valið af handahófi (þó þannig að gætt væri að jöfnum hlutföllum kynja og kjördæma) úr hópi þeirra Íslendinga sem gæfu kost á sér til þessara starfa. Gera ætti ráð fyrir því að ráðið kæmi til fundar a.m.k. einu sinni á ári og skipun í ráðið væri tímabundin.

3. Að í ályktun Alþingis sé kveðið á um skipun stjórnarskrárnefndar sem í eiga sæti a.m.k. fimm sérfræðingar á sviði stjórnlaga, stjórnmálafræði og/eða stjórnmálaheimspeki. Hlutverk nefndarinnar ætti að vera að undirbúa tillögur, eftir atvikum með aðstoð annarra sérfræðinga og/eða vinnuhópa, sem lagðar yrðu fyrir Stjórnarskrárráð til nánari umfjöllunar, samþykktar, synjunar eða breytinga. Stjórnarskrárráð gæti einnig lagt fyrir nefndina að vinna tillögur um ákveðin efni eða sett henni markmið.

Með því fyrirkomulagi sem hér var gerð tillaga um væri ekki haggað við reglum gildandi stjórnskipunar um breytingar á stjórnarskránni. Eftir sem áður yrði það því í höndum ráðherra og þingmanna að leggja fram formleg frumvörp til stjórnskipunarlaga fyrir Alþingi sem hefði, ásamt þjóðinni, lokaorðið um breytingar. Með þessu væri hins vegar orðinn til sjálfstæður ferill og nýtt samtal um heildarendurskoðun, með aðkomu almennings studds af sérfræðingum, sem gæti rofið núverandi þrátefli og varðað veginn til sáttar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir eftirfarandi um stjórnarskrármál: „Unnið verður að endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands á grundvelli þess viðamikla starfs sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Ríkisstjórnin mun bjóða öllum þingflokkum á Alþingi að skipa fulltrúa í þingmannanefnd sem mun starfa með færustu sérfræðingum á sviði stjórnskipunar að sem bestri sátt um tillögur að breytingum sem verði lagðar fram eigi síðar en árið 2019. Sérstakt markmið er að breytingatillögur fái góða kynningu og umræðu fyrir framlagningu á Alþingi og vandaða þinglega meðferð sem eftir atvikum verði með opnum fundum. Hugað verði að breytingum á kjördæmaskipan með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af síðustu breytingum í þeim efnum. Kosningalöggjöf verði yfirfarin samhliða því starfi með það fyrir augum að hún verði einfaldari og miði að meira jafnræði í atkvæðavægi.“

Umrædd stefnuyfirlýsing er góð og gild eins langt og hún nær. Nú, hartnær átta mánuðum eftir að ríkisstjórnin tók til starfa, sér þess hins vegar lítil merki að henni sé fylgt eftir í verki. Vinna við endurskoðun stjórnarskrárinnar á síðasta kjörtímabili bar ekki árangur. Ef núverandi ríkisstjórn hefur raunverulegan áhuga á því að standa við stefnuyfirlýsingu sína um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, þ. á m. flókinnar og umdeildrar kjördæma- og kosningaskipanar lýðveldisins, hljótum við einfaldlega að spyrja: Eftir hverju er beðið?




| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Skólar og skólamenntun á nýrri öld



**Tryggvi Gíslason**
fv. skólameistari

Enn hafa umræður orðið um styttingu náms í framhaldsskólum. Sýnist þar sitt hverjum, eins og eðlilegt er, en málefnaleg skoðanaskipti eru undirstaða framfara í lýðræðislandi. Það sem hins vegar hefur einkennt þessar róttæku breytingar, er að menntamálayfirvöld hafa lítið rætt breytingarnar og lítið samráð haft við skólana – skólastjóra og kennara – að ekki sé talað um nemendur og foreldra.

### Skólanám

Eins og lesendur þekkja, eru fjögur skólastig í landinu: leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar. Hér verður einkum rætt um framhaldsskólastigið, þótt flest sem hér er sagt eigi við öll skólastigin fjögur.

Framhaldsskólar eru nú 37 talsins, þar af sjö „viðurkenndir einkaskólar“, eins og það er orðað. Öllum þessum framhaldsskólum er samkvæmt lögum ætlað að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum og einum nám við hæfi og búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám.

Nám í framhaldsskólunum er margbreytilegt og skólarnir af þeim sökum afar ólíkir. Skipta má framhaldsskólunum 37 í tvo meginhópa. Annars vegar eru bóknámsskólar, sem bera allir nafnið menntaskóli og hafa að meginhlutverki að búa nemendur undir sérhæft háskólanám. Hins vegar eru fjölbrautaskólar sem bjóða upp á mun fjölbreyttara nám, bæði á bóknámsbrautum, listnámsbrautum og verknámsbrautum, s.s. málabraut, húsasmiðabraut, rafvirkjabraut, sjúkraliðabraut, snyrtibraut, tölvubraut og íþróttabraut.

Ljóst er af þessu að íslenskum framhaldsskólanemendum gefst kostur á að velja ólíkar námsleiðir sem veita undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Þá lýkur náminu með mismunandi námsgráðum, svo sem framhaldsskólaprófi, prófi til starfsréttinda, stúdentsprófi og iðnmeistaraprófi. Lýsingar á námsbrautum á framhaldsskólastigi taka mið af þessum fjölbreytileika og þurfa að mæta kröfum annarra skólastiga og atvinnulífsins, auk þess að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

### Kröfur til framhaldsskóla

Miklu skiptir að framhaldsskólar uppfylli þrjár kröfur. Í fyrsta lagi að láta nemendum líða vel, sem er algert grundvallarskilyrði. Í öðru lagi að koma nemendum til þroska og búa þá undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Í þriðja lagi ber skólunum í upphafi nýrrar aldar að nýta tækni og þekkingu við kennslu og nám. Einkum ber að gera nemendum kleift að nota samskiptatækni, sem stöðugt fleygir fram, til þess að afla sér þekkingar. Með því eru nemendur gerðir ábyrgir fyrir námi sínu, en eru ekki undir smásjá „heyrara“ – kennara sem kanna hvort nemandinn hafi lesið heima en kenna minna.

Fyrir hálfri öld sagði nemandi við Menntaskólann á Akureyri að „heimanám ætti ekki að þekkjast í betri skólum“. Með því átti hann við að líta bæri á skólanám sem vinnu nemenda sem lyki á eðlilegum vinnutíma en námið hengi ekki yfir þeim allan sólarhringinn, því að nemendur í framhaldsskólum vildu og vilja flestir geta sinnt öðru en náminu einu, s.s. hollu tómstundastarfi, íþróttum og listum.

### Ný öld

Með nýrri tækni á nýrri öld breytast skólarnir. Ekki síst breytist starf kennara og vinna nemenda. Stjórnvöld þurfa nú að gera áætlun um framtíð skólanna, bæði leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla – og háskóla. Samræða þarf að hefjast milli þeirra sem eiga hlut að máli: kennara, skólastjóra, nemenda, foreldra, ríkis og sveitarfélaga, þannig að ný áætlun um nýtt skólakerfi á nýrri öld liggi fyrir innan fimm ára. Áætlun með skýr markmið er nauðsyn til þess að tryggja samfellu í menntakerfi landsins og efla bæði bókmenntun og verkmenntun í landinu.

**Hefur þú verið að berjast við geðræn veikindi?**

**ÞÚ GETUR!** auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki. Upplýsingar um umsóknarferli er að finna á www.thugetur.

Markmið Forvarna- og fræðslusjóðsins **ÞÚ GETUR!** eru að vekja athygli á mikilvægi góðrar geðheilsu, vinna gegn fordómum og styrkja þá sem átt hafa við geðræn veikindi að stríða til náms.

Þeim sem vilja styrkja starf sjóðsins er bent á söfnunarreikning Forvarna- og fræðslusjóðsins **ÞÚ GETUR!** 0336-26-1300 og kt. 621008-0990.

**Stjórn ÞÚ GETUR!**
**Ólafur Þór Ævarsson**, formaður
**Siv Friðleifsdóttir**, ritari
**Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir**, gjaldkeri
**Sigurður Guðmundsson**, meðstjórnandi
**Pálmi Matthíasson**, meðstjórnandi

Þú getur!
Forvarna-og fræðslusjóður

# Að efla lestur er allra mál – sjónarhorn bóksala



**Valdís Elísdóttir**
verslunarstjóri Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi



Fréttir segja að bókin sé í stórhættu. Við kaupum sífellt minna af bókum og lestur er í samkeppni við annars konar afþreyingu. Samkvæmt Félagi íslenskra bókaútgefenda hefur keyptum, prentuðum bókum fækkað um næstum helming síðan 2010. Þær eru komnar í samkeppni við sjálfar sig í rafrænu formi sem og aðra afþreyingu. Hækkun virðisaukaskatts á bækur hjálpaði bókunum síðan ekki. Að sama skapi hefur sala prentaðra bóka í t.d. Bretlandi og á Írlandi farið vaxandi. Nýjar fréttir af starfshópi menntamálaráðherra um bókaútgáfu og aðstæður hennar eru því fagnaðarerindi. Það er okkur öllum í hag að vinna saman að því að styrkja tilveru bókarinnar á allan hátt.

### Bóksalar ekki undanskildir

Bókabúð skipar mikilvægt hlutverk í hverju samfélagi og kannski meira en við gerum okkur grein fyrir. Hún er staður visku og fróðleiks, full af notalegu andrúmslofti. Fátt er þægilegra en að setjast niður og lesa yfir góðum kaffibolla, gleyma stund og stað, fá nýjar hugmyndir og láta koma sér á óvart. Þá þarf einnig vart að fjölyrða um aðra kosti þess að lesa bækur. Að hvetja til lesturs er því sameiginlegt átak okkar allra, frá foreldrum til stjórnvalda. Bóksalar eru þarna ekki undanskildir, sem mikilvægur miðill bóka til almennings. Tæknin hefur breytt bókaumhverfinu gríðarlega og önnur afþreying en bókalestur er komin til að vera. Við erum aðdáendur allra bókaforma; prentaðra, rafrænna og sjaldgæfra bóka. Það er því meðal annars undir okkur sem rekum bókabúðir komið hvernig við þróumst í þessu breytta landslagi. Er bókin aðgengileg? Er hún á góðu verði? Það eru mýmörg tækifæri með tækninni; betri vefsíðum og vefverslun til að mynda. Við getum átt betri samskipti við núverandi og nýja viðskiptavini á þeim vettvangi sem þeir eru oftast – í snjalltækjunum – og veitt þeim innsýn í það sem gerist í bókabúðinni, alls konar viðburði og sögur sem þar eiga heima. Orðið þannig áhugaverðari staður til að heimsækja.

> **Góð bók í notalegu umhverfi er þægilegur og ævintýralegur staður til að vera á í þeim hraða heimi sem við búum í. Við bóksalar eigum stórt hlutverk í að kynna þann heim.**

### Bókabúð er samfélag og upplifun

Við erum ekki bara að selja bækur, heldur einnig upplifun og notalega stemningu. Þeir sem koma í bókabúð vilja annaðhvort geta gengið beint að því sem þeir eru að leita að eða eru að koma til að uppgötva eitthvað nýtt – en stundum bara til að komast í rólegt andrúmsloft. Þetta er táknmynd notalegu bókabúðarinnar sem við viljum halda á lofti, þó við getum líka veitt viðskiptavinum það sem þeir vilja í gegnum netið. Okkar markmið hlýtur því að vera að flétta saman það sem var og það sem verður í verslun bóka af ýmsum toga. Góð bók í notalegu umhverfi er þægilegur og ævintýralegur staður til að vera á í þeim hraða heimi sem við búum í. Við bóksalar eigum stórt hlutverk í að kynna þann heim. Við verðum að leggja okkur fram um að vernda bókina, með því að hlusta eftir breytingum og þróun, en ekki síst að búa til stað og umhverfi þar sem er notalegt að koma og kynnast bókinni. Bókabúð er nefnilega ekki bara bókabúð. Hún er upplifun, staður sem allir ættu að hafa gaman af að heimsækja.

# Án geðheilsu er engin heilsa



**Bára Friðriksdóttir**
prestur

Það er gott að geðheilbrigðismál eru loks komin í umræðuna. Því miður var hvatinn að því hörmulegt andlát tveggja ungra manna sem sviptu sig lífi inni á geðdeild nýverið. Votta ég ástvinum þeirra samúð og hlýju. Það sem er svo grátlegt er að stjórnvöld hafa í áratugi sett geðheilbrigðismál skör lægra öðru heilbrigði.

Geðsjúkdómar eru ennþá földu börnin hennar Evu, það ríkja miklir fordómar þó að vissulega höfum við færst áfram síðasta áratug eða svo. Staðreyndin er sú að geðheilsa allra sveiflast frá einum tíma til annars. Það geta allir fengið alvarlegar geðraskanir. Þær geta fylgt áföllum, langvarandi streitu án hvíldar, genum eða ávana- og fíkniefnum. Nýlegar vísbendingar gefa til kynna að mikil og stöðug netnotkun kalli á geðraskanir. Sumir ná sér alveg eftir eitt áfall, aðrir hafa geðröskunardrauginn nærri af og til alla ævi.

Málfríður Hrund Einarsdóttir, formaður Hugarafls, sagði í Fréttablaðinu 14.08. 2017: „Kerfið er löngu sprungið innan Landspítalans.“ Hún bendir einnig á að styrkja þurfi frekar þær einingar sem eru að styðja við fólk með geðraskanir eins og Hugarafl og samfélagslega geðþjónustu. Eins þarf að gera sálfræðiþjónustu aðgengilegri með þátttöku ríkisins.

> **Staðreyndin er sú að geðheilsa allra sveiflast frá einum tíma til annars. Það geta allir fengið alvarlegar geðraskanir. Þær geta fylgt áföllum, langvarandi streitu án hvíldar, genum eða ávana- og fíkniefnum. Nýlegar vísbendingar gefa til kynna að mikil og stöðug netnotkun kalli á geðraskanir.**

### Öflugur stuðningur nauðsyn

Ungum öryrkjum fjölgar óþægilega hratt, nú þarf að koma inn með öflugan stuðning. Þegar upp er staðið er ég viss um að mikill stuðningur við geðfatlaða sé ódýrari fyrir samfélagið því með því móti er hægt að virkja margfalt fleiri til virkara lífs og atvinnu og minni veikinda. Ef hugurinn virkar ekki þá virkar manneskjan engan veginn. Ef kvíði, þunglyndi eða aðrir geðsjúkdómar lama svo hugann eða brengla skynjunina verulega þá eru lífsgæði afar takmörkuð. Ef manneskjan sér ekki von í neinu í lífi sínu þá er stutt í öngstræti. Lyf og aðhlynning faglærðra sem ófaglærðra getur gert kraftaverk og komið fólki aftur inn í eðlilegt líf. Það er skylda okkar sem samfélags að skapa geðfötluðum möguleika til heilsu alveg eins og við viljum að hægt sé að fá meðhöndlun við sykursýki, hjartasjúkdómum o.s.frv.

Þau sem verst verða úti í þjónustu geðsjúkra sýnist mér vera einstaklingar sem bæði hafa geðsjúkdóm og áfengis- og fíkniefnivanda. Þessir einstaklingar verða gjarnan á milli. Áfengismeðferðarpakkinn úthýsir þeim af því að þeir hafa of miklar geðraskanir og geðpakkinn vísar á áfengisdeildina. Þessir einstaklingar fá minnst af öllum, þeim er mjög hætt við að ýtast fram af brúninni og deyja. Það er óásættanlegt fyrir jafn þróað samfélag og okkar. Það er þörf á að stjórnvöld sjái sóma sinn í að byggja upp forvarnir og stuðning fyrir geðfatlaða og vímuefnasjúka svo að skaði fjölskyldna og samfélags verði minni, lífsgæði aukist og kostnaður við málaflokkinn minnki. Það er skylda stjórnvalda að koma upp öflugum forvörnum til að fækka dauðsföllum af völdum geðraskana.

KUGA

SEPTEMBER TILBOÐ BRIMBORGAR




# YFIRBURÐIR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA TITANIUM AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ **5.590.000** KR.

**TILBOÐSVERÐ FRÁ:**

**4.990.000** KR.

Tilboðið gildir um bíla sem til eru á lager og afhentir í september.

SPARAÐU 600.000 KR.

## FORD KUGA TITANIUM AWD

- 150 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- 9 Sony hátalarar
- Apple Car Play og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Dökklitaðar rúður í farþegarými
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Tölvustýrð tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Stöðugleikastýrikerfi fyrir eftirvagn
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Nálægðarskynjari að framan og aftan
- 17“ Titanium álfelgur

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Titanium AWD***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16


KRÓNAN
Ferskt
frá akri til okkar
á 4 dögum
Beint frá
Kaliforníu
Ódýrt
Driscoll's
Only the Finest Berries
Strawberries
Fraises
499
kr.
pk.
Jarðarber, Driscolls, 454 g, USA
Tilboðin gilda til 11. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Vítamín
Boomba!
-25%
af öllum
vítamínum
frá
Guli miðinn
Bio-Kult®
now®
MÚLTI VÍT
JÁRN
B-6 VÍTAMÍN
MEGA OMEGA 3
BARNAVÍT
B-12 VÍTAMÍN
B-SÚPER
High Potency
Vitamin D-3
2,000 IU
Structural Support*
240 Softgels
Extra Strength
Liquid
Vitamin D-3
Bio-Kult
Pro-Cyan
Bio-Kult
Candéa
Bio-Kult
For healthy digestive
and immune systems
Probiotic multi-strain formula
60
capsules
Tilboðin gilda til 11. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Gott verð!
2199 kr. kg
Lambahryggur hálfur
899 kr. kg
Lamba súpukjöt, 1/2 frampartur
Ferskt nýslátrað
1599 kr. kg
Lambalæri, hálft
579 kr. kg
Íslenskt blómkál og spergilkál
249 kr. kg
Íslenskt hvítkál
Tilboðin gilda til 11. september. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**




**199** kr. stk.

**ef keypt eru 8 stk. í kassa**

**= 1592** kr. /kassinn




Alpro jurtamjólk

**269** kr. stk.

VEGAN



**Allt í boostið**




**319** kr. pk.

Krónu Chia fræ, 500 g - 638 kr.kg




**159** kr. pk.

Frosin jarðarber 400 g - 397 kr.kg




**199** kr. pk.

Frosið grænkál 450 g - 442 kr.kg

**Ódýrt**

# Pólitísk ábyrgð Kjartans Magnússonar



**Magnús Már Guðmundsson**
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur á Bæjarhálsi liggur undir skemmdum og er tjónið gríðarlegt – miklu meira en talið var í fyrstu. Forsvarsmenn fyrirtækisins kanna nú hvaða leiðir eru færar til að sækja skaðann á hendur þeim sem komu að byggingu hússins. Málinu er því ekki lokið og þarfnast miklu frekari skoðunar, sem þarf að gera af festu og ábyrgð frekar en af taugaveiklun. En því miður og eins og oft áður, laðast örvæntingarfullir stjórnmálamenn að Orkuveitunni – og reyna að slá pólitískar keilur.

Í aðsendri grein í Morgunblaðinu og í frétt hér í Fréttablaðinu fyrir helgi sýnir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi áður óþekkta takta. Þar kallar hann eftir því að einhver taki pólitíska ábyrgð á málinu og kennir svo Degi B. Eggertssyni borgarstjóra og Samfylkingunni um ástand hússins. Kjartan kallar líka eftir rannsókn á þessu öllu saman – ekki bara tjóninu á Orkuveituhúsinu heldur öllu ferlinu frá því að ákvörðun um byggingu hússins var tekin og kostnaði vegna byggingar hússins. Margt af þessu liggur þó nú þegar fyrir.

Þrátt fyrir að Kjartan hafi, líkt og undirritaður, lagt stund á sagnfræði – þá vísvitandi ákveður hann að gera tilraun til að blekkja almenning frekar en að horfast í augu við eigin fortíð í málinu. Veturinn 1999-2000 er ákveðið að byggja húsnæðið á Bæjarhálsi. Fyrsta skóflustungan var tekin vorið 2000. Það var nokkrum mánuðum áður en að Samfylkingin var yfirhöfuð orðin til. Á þessum tíma átti Dagur B. Eggertsson ekki sæti í borgarstjórn. Hann bjó í Svíþjóð, nýútskrifaður úr læknisfræði. Tvö ár liðu því frá því að skóflustunga var tekin að höfuðstöðvum OR þangað til Dagur var kjörinn í borgarstjórn fyrir R-listann.

Kjartan Magnússon teygir sig lengra en venjulega í tilraunum sínum til að gera hræðilegt ástand hússins að pólitísku deilumáli – og það með ósmekklegum hætti. Áður en við förum að benda á sökudólga í málinu þarf liggja fyrir hvers vegna húsið er í þessu ástandi, dómskvaddir matsmenn þurfa að skera úr um það og segja til um hvort hægt sé að sækja bætur til þeirra sem komu að byggingu höfuðstöðvanna á sínum tíma.

Það er hins vegar allt annað mál að rýna í hverjir komu að ákvörðuninni um að reisa húsið. Fyrir liggur þó að Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti byggingu höfuðstöðvanna bæði í stjórn veitustofnana og í borgarráði. Eini núverandi borgarfulltrúinn sem starfaði á vettvangi borgarstjórnar þegar þetta allt saman átti sér stað var hver? Jú, áðurnefndur Kjartan Magnússon.

# Mörgum mannslífum bjargað



**Steindór J. Erlingsson**
vísindasagnfræðingur og hefur oft þurft að leita hjálpar á geðdeild Landspítala



**Pétur Hauksson**
sjálfstætt starfandi geðlæknir

Undirritaðir eiga það sameiginlegt að hafa bent á ýmislegt sem betur mætti fara á geðdeild Landspítala. Okkur blöskrar hins vegar sú neikvæða umræða um deildina sem nú á sér stað. Okkar vel meintu athugasemdir á árum áður eru léttvægar í samanburði við núverandi holskeflu óvæginnar gagnrýni. Auðvitað ber að draga lærdóm af hörmulegum atburðum undanfarið, og það verður örugglega gert. Á sama tíma má það alveg koma fram að starfsfólki geðdeildar tekst með starfi sínu að koma í veg fyrir mörg sjálfsvíg og annan skaða. Mörgum mannslífum hefur verið bjargað, en það fer ekki hátt. Ekki er litið á starfið sem hetjulækningar og þessi mannbjörg ratar ekki í fjölmiðla.

Hvernig fer starfsfólk geðdeildar að? Árangurinn næst með umfangsmiklu, faglegu og óeigingjörnu starfi. Þetta er erfiðisvinna. Starfsfólk er jafnvel í hættu þegar sjúklingar koma undir áhrifum og í ójafnvægi. Starfsfólk geðdeildar kveinkar sér hins vegar ekki og heldur áfram að gera sitt besta. Komið er fram við sjúka af nærgætni og virðingu. Það skiptir mestu máli og gerir meira gagn en nauðung og hroki. Lausnin er ekki að breyta reglum þannig að strangara eftirlit verði með inniliggjandi sjúklingum, né að nauðung verði aukin. Það myndi breyta sjúkrahúsinu í fangelsi.

Aðgengi að sérhæfðri bráðaþjónustu á geðsviði er betri hér en í nágrannalöndum. Hér getur hver sem er gengið inn og fengið faglega aðstoð sérhæfðs starfsmanns geðdeildar, á hvaða tíma dags sem er, án milligöngu eða síunar. Geri aðrir betur.

Ekki eru allir sem mæta á geðdeild lagðir inn. Hægt væri að fylla Landspítala allan á svipstundu ef allir sem þess óska yrðu lagðir inn. Hins vegar virðist starfsfólk geðdeildar leggja metnað sinn í að finna viðeigandi úrræði fyrir alla sem þangað leita. Ráðgjöf er veitt og öllum er komið í farveg, eins og það er kallað. Úrræðin geta verið innan deildarinnar eða utan. Heilsugæslan getur í mörgum tilvikum veitt viðeigandi hjálp, þrátt fyrir neikvæða umræðu um þá mikilvægu þjónustu. Hlutverkasetur, Hugarafl, Geðhjálp, Klúbburinn Geysir og Rauðakrossathvörfin Vin, Laut og Lækur hjálpa einnig mörgum.

Reynsla greinarhöfunda er að þeir sem þurfa innlögn eru lagðir inn, m.a. þeir sem eru í sjálfsvígshættu og eru með geðsjúkdóm. Starfsfólkið er lífsbjörg þeirra. Vanlíðan er að vonum mikil og fáir tjá sig um hana og hjálpina sem þeim er veitt. Og ekki fer starfsfólk geðdeildar að hrósa sjálfu sér. Hjálpin fer ekki hátt og því er þetta ritað.



**Vanlíðan er að vonum mikil og fáir tjá sig um hana og hjálpina sem þeim er veitt. Og ekki fer starfsfólk geðdeildar að hrósa sjálfu sér. Hjálpin fer ekki hátt og því er þetta ritað.**

Auk umræðu um framangreinda mannbjörg, mæla greinarhöfundar með umræðu og aðgerðum til að koma í veg fyrir þann mikla fjölda sjálfsvíga sem eiga sér stað hér á landi á ári hverju.




Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
– með þínu merki

# Fólk

FIMMTUDAGUR 7. SEPTEMBER 2017

## Tíska



Steinar Snær hefur lengi haft áhuga á tísku þrátt fyrir að vera einungis sextán ára gamall. Hann segist óhræddur við að kaupa flíkur sem ekki eru í tísku, ef hann fílar þær sjálfur.

helgin ➜8



Hrönn á gleraugu fyrir ýmis tækifæri. Þessi fékk hún í Linsunni. Fötin eru keypt í erlendum búðum sem selja notuð föt. MYND/EYÞÓR

# Litríkt í bland við retró

Hrönn Traustadóttir er hrifin af litríkum fötum og finnst gaman að klæða sig upp á. Hún er sannfærð um að litir hafi áhrif á líðan okkar. ➜2



AFMÆLISVIKA

*20% afsláttur af buxum*

*7.-14. september*

comma,

SMÁRALIND

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Hrönn Traustadóttir hefur síðustu 19 árin kennt hönnun við Tækniskólann og var um tíma stjórnandi hönnunarsviðs þegar skólinn hét Iðnskólinn í Reykjavík. Hún lærði listasögu í Heidelberg eftir stúdentspróf frá MH og hélt þaðan til Mílanó að læra fatahönnun þar sem hún sérhæfði sig í trendhönnun.

„Ég hef alla tíð haft áhuga á tísku og hönnun og hef það líklega í genunum. Mamma, Fríður Ólafsdóttir, var ein af fyrstu fatahönnuðunum hér á landi og amma Hrefna var mikil handverks- og listakona í textíl og málun. Ég spái þó ekki eins mikið í nýjustu tísku og áður fyrr, þ.e.a.s. ég skoða minna af tískublöðum og tískubloggum en hugsa þeim mun meira um hvernig fatnaður passar við lífsstíl minn og útlit. Það sama gildir fyrir aðra meðlimi fjölskyldunnar þegar ég finn föt á þá,“ segir Hrönn sem á tvö börn, Kristófer og Hörpu, auk þriggja stjúpbarna sem fylgdu eiginmanninum, Tómasi Jónssyni.



Veskið er spænsk hönnun og keypt á Tenerife.

> Litir endurspegla tíðaranda og ef maður skoðar söguna aftur í tímann sér maður vel frá hvaða tímabili viðkomandi fatnaður og hlutir eru. Ég trúi því einnig að litir skipti máli fyrir líðan okkar sjálfra og finn það vel á sjálfri mér.
>
> Hrönn Traustadóttir

## Skraut og retró

Þegar Hrönn er spurð hvernig hún myndi lýsa sínum eigin fatastíl segir hún hann vera litaglaðan, retró og með dass af blingi sem hún hefur alltaf elskað. En skipta litir máli þegar kemur að tísku? „Já, mjög miklu. Flíkur og snið geta t.d. virst öðruvísi og notið sín betur ef réttur litur er valinn í hönnuninni. Litir endurspegla líka tíðaranda og ef maður skoðar söguna aftur í tímann sér maður vel frá hvaða tímabili viðkomandi fatnaður og hlutir eru. Ég trúi því einnig að litir skipti máli fyrir líðan okkar sjálfra og finn það vel á sjálfri mér,“ segir Hrönn en hún hefur einmitt staðið fyrir námskeiðum í litatækni.



Hrönn hefur gengið í gegnum mörg litatímabil og heldur núna mest upp á bláan, blágrænan og túrkíslit. MYNDIR/EYÞÓR

Hrönn segist hafa gengið í gegnum mörg litatímabil þegar hún er innt eftir því hvaða litur sé í mestu uppáhaldi hjá henni. „Einu sinni var allt fjólublátt hjá mér, meira að segja brúðarkjóllinn minn. Síðustu árin hafa bláir, blágrænir og túrkís verið mest ráðandi, bæði í fötum, skrautmunum og innanhússhönnun hjá mér. Allir þessir litir eru mjög róandi og gefa mér orku.“

Haust- og vetrarlitirnir verða jarð-, krydd-, berja- og neutral-litir, að sögn Hrannar. „Ég hef tekið eftir að meira að segja nýir bílar eru í beige, brúnum og bronslitum tónum í staðinn fyrir gráu og silfurlitu tónana sem hafa verið næstum allsráðandi í langan tíma.“

## Finnur fjársjóði

Frá unga aldri hefur Hrönn haft gaman af því að klæða sig upp á, eða alveg frá því hún man eftir sér. „Ég var svo heppin að amma Gróa átti marga glæsilega síðkjóla, alla liti af skóm, þar á meðal gull og silfur, auk þess veski, hanska, slæður og dýrindis skart í fallegu skartgripaskríni og ég fékk að prófa þetta allt.“

En hvar kaupir hún helst fötin sín og hvaða verslun er í uppáhaldi? „Við hjónin eigum sameiginlegt áhugamál og það er að fara í verslanir sem selja notuð föt. Í hverri einustu utanlandsferð förum við á búðaráp að skoða hvað slíkar búðir hafa í boði. Hérna heima förum við einnig í endurnýtingarverslanir eins og í Rauða krossinn, sem reyndar er ekki eins spennandi eftir að hann var poppaður upp.“ Engin ein flík er í mestu uppáhaldi hjá Hrönn heldur er hún oftast mest spennt fyrir þeim flíkum sem hún er tiltölulega nýbúin að kaupa sér. „Það er nýjungagirnin. Ekki er verra þegar flíkin hefur verið á góðu verði því þá finnst mér ég hafa fundið fjársjóð.“



Gleraugun eru frá Sjáðu og merkið heitir Caroline Abram.

Hvað varðar uppáhaldshönnuði segist Hrönn eiga nokkra. „Ég hef alltaf verið hrifin af framúrstefnuhönnuðunum Rei Kawakubo, Martin Margela og Dries van Note en sú sem ég hef líklega verið hvað lengst hrifin af er Alberta Ferretti. Svo finnst mér hún Iris Apfel alveg stórkostleg og mjög áhugaverð kona.“

En er einhver flík sem allir verða að eiga fyrir haustið? „Ég segi nú bara fyrir mig að ég verð að hafa þennan klassíska „little black dress“, eða sem sagt einfaldan, svartan kjól sem bæði er hægt að poppa upp með skarti og háum hælum eða klæða niður með sjali og stígvélum.“

Fylgjast má með Hrönn á Instagram undir nafninu Hrannsa.

Guðlaug Harpa Hermannsdóttir farðaði Hrönn fyrir myndatökuna og Helga Bjartmars sá um hárið.




Nýjar vörur komnar!

- WOLFORD, Isay & Stehman -

SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKUVÖRUVERSLUN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


PEYSUDAGAR
ALLAR PEYSUR
9.900
FRÁBÆRT ÚRVAL
COSMO
Kringlunni

# Síðar kápur og stórar úlpur

## Vetrartískan í yfirhöfnum einkennist af þægilegum sniðum, mildum jarðlitum og áberandi loðkrögum.

Haustið er á næsta leiti og kominn tími til að pakka niður sumarfötunum og taka fram vetrarfatnaðinn. Nú er hægt að klæðast kósí peysum og þykkum sokkum á ný en sennilega er þó engin flík eins mikilvæg fyrir veturinn og góð yfirhöfn. Hún þarf að vera hlý, klæðileg, smart og þægileg og veita skjól fyrir veðri og vindum á köldum vetrardögum, auk þess að henta fyrir flest tækifæri.

Í haust tekur vetrartískan í yfirhöfnum einmitt mið af þessu því kápur, jakkar og úlpur koma í fremur víðu sniði þar sem þægindin eru í fyrirrúmi og lögð er áhersla á að hver og einn fylgi sínum smekk og fari eigin leiðir í fatavali.

### Mildir jarðlitir

Tískulitirnir í ár verða mildir jarðlitir og verða þar grænn, brúnn og vínrauður mest áberandi en rauður verður þó óumdeilanlega tískuliturinn þetta árið, bæði í fatnaði og förðun. Silfurlitur og túrkísblár verða líka vinsælir líkt og svartur sem dettur aldrei úr tísku.

**» Tískulitirnir í ár verða mildir jarðlitir og verða þar grænn, brúnn og vínrauður mest áberandi en rauður verður þó óumdeilanlega tískuliturinn þetta árið, bæði í fatnaði og förðun.**

### Stórgert mynstur

Kápur úr grófu ullarefni með stórgerðu mynstri verða hámóðins og síddin verður meiri en áður, eða alveg niður í gólf. Þá koma ponsjó og herðaslár sterkar inn á ný. Kápur og ponsjó verða gjarnan skreytt með áberandi tölum eða loðkraga í skærum litum eins og bleikum og appelsínugulum.

### Léttar dúnúlpur

Líkt og í fyrra verða léttar, mittissíðar dúnúlpur í tísku í upphafi vetrar en þær verða í pastellitum, eins og bleiku og grænu. Þegar kólnar í veðri taka stórar og víðar dúnúlpur við og þær verða í grænu og brúnu með grófa rennilása.



Rauður verður einn aðalliturinn í tísku vetur. MYND/GETTY



Síðar kápur í jarðlitum verða vinsælar í vetur. MYND/GETTY



Víðar dúnúlpur halda á okkur hita í vetur. MYND/GETTY








Í netverslunninni er að finna allt vöruúrval Lindex á einum stað.

# Lindex opnar netverslun á íslensku

Lindex opnaði netverslun þann 1. september en þar geta landsmenn allir nálgast allt vöruúrval Lindex hvar sem er, hvenær sem er og á íslensku. Verslunin býður sem fyrr upp á tískufatnað fyrir konur, undirföt, snyrtivörur og fylgihluti sem og fatnað á börn og unglinga. Vörurnar eru afhentar beint úr nýju 1.000 fermetra vöruhúsi félagsins sem tryggir að afhendingartími er með stysta móti.

Boðið er upp á fjölmarga afhendingarkosti, allt frá því að sækja vöruna daginn eftir kaup í eina af verslunum Lindex til þess að fá hana senda heim að dyrum. Afhending í verslanir Lindex er alltaf án endurgjalds og sending á pósthús viðkomandi er ókeypis sé verslað fyrir meira en 5.000 kr.

„Við erum yfir okkur ánægð að geta boðið vörur okkar í netverslun sem er á íslensku og að geta gefið upp verð í íslenskum krónum. Eins er gaman að segja frá því að við bjóðum upp á sérstakt netverð fyrstu mánuðina sem gerir enn hagkvæmara en ella að kaupa tískufatnað Lindex á netinu,“ segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

Hún segir netið ört vaxandi markað og því sé sérstaklega ánægjulegt að geta boðið allt vöruúrval á einum stað með aðgengilegum og einföldum hætti. „Við erum sérlega stolt af því vöruúrvali sem við bjóðum og erum sannfærð um að þegar skoðað er samhengi verðs og gæða á það sér ekki hliðstæðu. Við hvetjum fólk til að nýta sér tækifærið og gera samanburð,“ bætir hún við.


KAUPAUKI
Fjölnota poki og glæsileg ZikZak flaska fylgir með hverri keyptri úlpu!
Stærðir 36-56
GLÆNÝJAR SÍÐAR ÚLPUR!
Nýjar síðar úlpur fyrir veturinn eru loksins komnar
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL 7.990kr st.S-XXXL
BOLUR 3.990kr st.36-50
KJÓLL 6.990kr st.S-XXXL
KJÓLL 5.990kr st.S-XXXL
Úlpur á FRÁBÆRU verði! 12.990kr stærðir 36-56
KJÓLL 6.990kr st.S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st.S-XXXL
KJÓLL 5.990kr st.S-XXXL
TÚNIKA 5.990kr st.36-50
Úlpur á FRÁBÆRU verði! 12.990kr stærðir 36-56
Úlpur á FRÁBÆRU verði! 12.990kr stærðir 36-56
2017 úlpurnar eru komnar!
Úlpur á FRÁBÆRU verði! 12.990kr stærðir 36-56
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**




My Style tískuhús

Stærðir 38-52

my style

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Ný sending



Túnikur
kr. 7.900.-
Str. 40-56

Fleiri gerðir, litir og munstur.

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



# Innblástur frá Bowie

Leikkonan Evan Rachel Wood er þrítug í dag. Stíll hennar einkennist af kynlausu glamrokki enda fær hún innblástur frá söngvaranum David Bowie og leikkonunni Tildu Swinton.

Evan Rachel Wood er hvað þekktust fyrir hlutverk sitt í þáttunum Westworld en hún á að baki rúmlega tuttugu ára farsælan leiklistarferil.

Hún þykir hafa mjög einstæðan stíl en hún ræddi hann og fyrirmyndir sínar í þeim efnum við tímaritið Esquire á dögunum. Þar sagðist hún skilgreina stíl sinn sem kynlaust glamrokk. Hún er þekkt fyrir að klæðast buxnadrögtum á rauða dreglinum og gaf út þá yfirlýsingu fyrir síðasta verðlaunahátíðatímabil að hún skyldi aðeins klæðast jakkafötum fyrir konur. Með því vildi hún sýna fram á að stúlkur og konur þurfi ekki að klæðast prinsessukjólum til að líta vel út. Hún þykir enda taka sig vel út og sumir hafa líkt útliti hennar við nokkurs konar blöndu af Marlene Dietrich og Ziggy Stardust.

„Mig langar að vera sú fyrirmynd sem mig vantaði á mínum uppvaxtarárum,“ segir Wood sem fær innblástur frá David Bowie og Tildu Swinton. „Bowie er í fyrsta sæti, hann fékk mig til að færa mig nær kynlausa stílnum, glamrokki og rokki yfirleitt.“

Þegar kemur að uppáhaldshönnuðum nefnir Wood Atuzarra. „Þau hönnuðu allar dragtirnar á mig fyrir þetta verðlaunahátíðatímabil. Í hvert sinn sem ég klæðist kvenjakkafötum þeirra passa þau eins og hanski á hönd,“ segir Wood sem einnig heldur upp á Dolce & Gabbana.

Hún segir mörg kvensnið bæði óþægileg og ljót og því versli hún reglulega í karlmannafatadeildum verslana á borð við Target og All Saints enda sé þar hægt að fá karlaföt í litlum stærðum.



# FASTEIGNAKAUP Á SPÁNI

**Kynningarfundur laugardaginn 9. september kl. 15:00 á Hotel Hilton, 2. hæð.**



**Dagskrá:**

- Helstu sölusvæði á meginlandi Spánar og á Tenerife
- Staða fasteignamarkaðarins í dag
- Tegundir eigna í sölu
- Kaupferlið á Spáni
- Skoðunarferðir til Spánar og Tenerife
- Fjármögnun fasteignakaupa á Spáni
- Kostnaður við kaup svo og rekstrarkostnaður eigna
- Fasteigna- og leiguumsjón eigna
- Spurningar úr sal

**Hlé og veitingar**

**- Eftir kynninguna gefst gestum kostur á viðtali við starfsmenn Spánarheimila.-**

**Starfsfólk Spánarheimila**



Reynir Logi Ólafsson lögfr.
Staðsettur á Spáni



Guðbjörg Hannesdóttir
Staðsett á Spáni



Bjarni Sigurðsson lögfr.
Staðsettur á Íslandi og Spáni



Bjarni Haukur Magnússon
Staðsettur á Íslandi og Spáni



Hrafnhildur Ósk Eiriksdóttir
Staðsett á Spáni



Baldur Heimsson
Staðsettur á Spáni



Susana Garcia lögfr.
Staðsett á Spáni



Arndís Þorvaldsdóttir lögfr.
Staðsett á Tenerife

spánar heimili
Þitt annað heimili

+354 558 5858

info@spanarheimili.is

**Spánarheimili – ÍSLANDI**
**Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík**

**Spánarheimili – SPÁNN**
**Polígono A-2 la Regía Oeste,**
**16 03189 Orihuela, Alicante, Spain**

# Fer óhræddur eigin leiðir

Steinar Snær Guðmundsson hefur lengi haft áhuga á tísku þrátt fyrir að vera einungis sextán ára gamall. Hann segist óhræddur við að kaupa flíkur sem ekki eru í tísku, ef hann fílar þær sjálfur.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Körfuboltakappinn Steinar Snær Guðmundsson hefur æft körfubolta frá því hann var átta ára gamall og alltaf með uppeldisfélagi sínu Breiðabliki. Utan körfuboltans hefur hann mikinn áhuga á tísku og reynir að fylgjast vel með því helsta sem er í gangi í karlatískunni hverju sinni. „Ég hef í rauninni haft áhuga á tísku og hvernig ég klæði mig alveg frá unga aldri. Stíllinn minn hefur samt þróast mikið í gegnum árin og helstu áhrifin koma frá tónlistinni sem ég hlusta á.“

Hann lýsir fatastíl sínum sem „streetwear“ og nokkuð þægilegum á sama tíma. „Ég hef aldrei verið hræddur við að kaupa eitthvað sem er ekki endilega í tísku, ef ég fíla það sjálfur. Þó klæðist ég oftast nokkuð þægilegum fötum, til dæmis joggingbuxum og hettupeysum á meðan ég er í skólanum.“

### Nýtir samfélagsmiðlana

Best finnst honum að nýta samfélagsmiðlana til að fylgjast með tískunni, þá helst Instagram. „Þar fylgi ég nokkrum einstaklingum sem mér finnst vera með nettan stíl. Einnig fylgist ég með nokkrum vel völdum tískubloggum.“

*Hverjir eru uppáhaldshönnuðir þínir?* Ég á eiginlega enga uppáhaldshönnuði en á þó nokkrar flíkur frá JÖR sem ég fíla mjög mikið.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?* Húrra Reykjavík er klárlega uppáhaldsbúðin mín. Ég hef verslað mikið þar í gegnum árin og er þjónustan hjá þeim með þeirri bestu sem hægt er að finna. Úrvalið þar er mun betra en í öðrum verslunum, sérstaklega þegar kemur að strigaskóm.

*Áttu eina uppáhaldsflík?* Ég held mikið upp á vintage Avanti leðurjakka sem ég keypti í Spúútnik. Jakkinn er virkilega þægilegur og hlýr sem hjálpar mikið á Íslandi. Síðan eru Air Jordan 13 skór sem bróðir minn gaf mér líka í miklu uppáhaldi hjá mér.

*Bestu og verstu fatakaup?* Avanti leðurjakkinn sem ég minntist á áðan eru sennilega bestu kaup sem ég hef gert enda á góðu verði og verið mikið notaður. Verstu kaupin eru hins vegar Hawaii-skyrta sem ég keypti fyrir nokkrum árum. Endaði með að nota hana aldrei.

*Notar þú fylgihluti?* Ég er ekki mikið fyrir fylgihluti en nota þó mikið hálsmen sem amma mín gaf mér í fermingargjöf. Einnig er ég stundum með úr.

*Er einhver íslenskur karl sem ber af þegar kemur að klæðaburði?* Það myndi eflaust vera tónlistarmaðurinn Joey Christ. Mér finnst hann klæða sig vel og vera með aðeins öðruvísi stíl en flestir eru með.

*Einhver sérstök flík sem þig langar að kaupa í vetur?* Ég hef verið að skoða cargo-buxur frá Stone Island undanfarið og langar gjarnan í einar slíkar.




Klæddur í Gullregnsbol frá 2004 og Levi's 510 buxur, keyptar í Levi's US. MYNDIR/EYÞÓR



Stjáni blái prýðir bakið á uppáhaldsflíkinni, Avanti leðurjakkanum, sem Steinar keypti í Spúútnik. Jakkinn er virkilega þægilegur og hlýr sem hjálpar mikið til hér á landi.



Sand-jakkinn er keyptur í Herragarðinum og peysan er frá Samsöe & Samsöe. Buxurnar eru frá Cheap Monday. Skórnir eru Reebok classic.






# HAUSTYFIRHAFNIR Í ÚRVALI

skoðið laxdal.is/yfirhafnir





ÍTALSKAR ULLARKÁPUR

**30%** afsláttur til 20. sept.

ALLT Á AÐ SELJAST

**LAXDAL LAUGAVEGI**

**RISA RÝMINGARSALA**

**FLOTT MERKJAVARA**

**BUXUR-PILS 3980,-**

**KJÓLAR 4980,-**

KAUPAUKAR

**NÝ GLÆSILEG VERSLUN SKIPHOLTI 29B**

BERNHARÐ LAXDAL

**Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Fegurð og útgeislun í vöggugjöf

Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni. Börn fræga fólksins feta í fótspor foreldranna og hasla sér völl í veröld fagra og fræga fólksins af eigin rammleik. Á tískupöllum ganga afkomendur stjarna og tryggja jarðenglum áframhaldandi samneyti við kunnuglegan sjarma og útgeislun.



**Scott Eastwood, 31 árs.**
**Foreldrar: Clint Eastwood og Jacelyn Reeves.**
**Er nú einn heitasti hjartaknúsari hvíta tjaldsins og hefur meðal annars setið fyrir hjá Hugo Boss.**



**Sistine Stallone, 20 ára.**
**Foreldrar: Sylvester Stallone og Jennifer Flavin**
**Hefur meðal annars unnið fyrir Fay, Chrome Hearts og Vogue.**



**Levy Dylan, 23 ára.**
**Barnabarn Bobs Dylan.**
**Hefur unnið fyrir Chanel og Dolce & Gabbana.**



**Ireland Baldwin, 22 ára.**
**Foreldrar: Alec Baldwin og Kim Basinger.**
**Hefur setið fyrir hjá Elle, New York Post, Vanity Fair og Marie Claire.**



**Georgia May Jagger, 25 ára.**
**Foreldrar: Mick Jagger og Jerry Hall.**
**Hefur unnið fyrir Chanel, Miu Miu, Versace og Vivienne Westwood.**



**Kenya Kinski-Jones, 25 ára.**
**Foreldrar: Nastassja Kinski og Quincy Jones.**
**Hefur meðal annars unnið fyrir Chanel og Stellu McCartney.**



**Brandon Thomas Lee, 21 árs.**
**Foreldrar: Pamela Anderson og Tommy Lee.**
**Hefur starfað fyrir Dolce & Gabbana.**



**Lily-Rose Depp, 18 ára.**
**Foreldrar: Johnny Depp og Vanessa Paradis.**
**Þykir efnileg leikkona og hefur meðal annars starfað fyrir Chanel.**



**Zöe Kravitz, 29 ára.**
**Foreldrar: Lisa Bonet og Lenny Kravitz.**
**Hefur meðal annars unnið fyrir Yves Saint Laurent, Calvin Klein og Alexander Wang.**



**Ava Sambora, 20 ára.**
**Foreldrar: Heather Locklear og Richie Sambora.**
**Þykir hafa einstakan líkamsvöxt til að sýna sund- og undirfatnað.**



**Dylan Brosnan, 20 ára.**
**Foreldrar: Pierce Brosnan og Keely Shay Smith.**
**Hefur unnið fyrir Yves Saint Laurent, Dolce & Gabbana og Burberry's.**



**Kaia og Presley Gerber, 16 og 19 ára.**
**Foreldrar: Cindy Crawford og Rande Gerber.**
**Hafa meðal annars unnið fyrir Versace, Marc Jacobs, Dolce & Gabbana og Calvin Klein.**


## SJÁVARÚTVEGSSÝNINGIN 2017

Sérblað um Sjávarútvegssýninguna kemur út miðvikudaginn 13. september.

Í þessu blaði er boðið upp á bæði kynningar og auglýsingar..

**Áhugasamir geta haft samband við:**
**Jóhann Waage**
**Sími +354 512 5439**
**johannwaage@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ




VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán. – fös. kl. 9 – 18. Laugard. kl. 9 – 16. Sunnudag kl. 10-14



# Klæðilegt frá Knuefermann

## Afslappaður stíll og vel sniðnar flíkur einkenndu sýningu Turet Knuefermann á tískuvikunni sem fram fór á Nýja-Sjálandi um helgina.

Nýsjálenski hönnuðurinn Turet Knuefermann sýndi hönnun sína á nýliðinni tískuviku þar í landi. Hún er þekktust fyrir afslappaðan stíl og klæðilegar flíkur enda segir hún hugmyndafræðina á bak við fatnaðinn þá að helst eigi konan að gleyma í hverju hún er og geti þá „verið hún sálf“. Hönnun hennar eigi að efla sjálfstraust og hún leggi áherslu á einfaldar og vel sniðnar flíkur sem gangi hver með annarri.

Áhugi Turet á textíl og á því hvernig efni og föt hafa áhrif á það hvernig fólk upplifir sjálft sig segir hún hafa leitt hana út í fatahönnun. Hennar uppáhaldsklæðnaður séu vel sniðnar, herralegar buxur og hvít silkiskyrta og þá gangi hún mikið í þægilegum „Berlin pants“, ýmist við hælaskó og silkiskyrtu eða strigaskó og stuttermabol. Á sýningu Knuefermann á tískuvikunni mátti einmitt sjá klassísk snið, í svörtu og jarðlitum.












ORKUSALAN OG PEPSI MAX KYNNA MEÐ STOLTI
ÞAÐ STYTTIST Í SÖGULEGA RISATÓNLEIKA!
PÁLL ÓSKAR
Í HÖLLINNI
16. SEPTEMBER
orkusalan
pepsi MAX
sena LIVE

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



**SÁ FLOTTASTI**
VW Golf gti. Árgerð 2014, ekinn 69 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 3.640.000. Rnr.212063.



**GLÆSILEGT EINTAK**
LAND ROVER Discovery SE. Árgerð 2015, ekinn 96 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 7.790.000. Rnr.211936.



**FRÁBÆRT VERÐ**
CHEVROLET Captiva. Árgerð 2013, ekinn 87 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Besta verðið 2.490.000. Rnr.211878.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27/ Draghals megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Greniúðun, sláttur og klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
***Tímapantanir í síma 864-1273***

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 8676677

Til sölu Samsung þvottavél 7kg. 1 1/2 árs gömul á 60 þús og kassi af prjónadóti á 13 þús og stereo græjur sem spilar 4-5 diska í einu á 20 þús, ljósbrúnt leður sófasett 3ja sæta + 2 stólar og sofaborð, selst saman á 50 þús og einn kassi með saumadóti á 13 þús. Uppl. í s. 832 6888.

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Herbergi til leigu í Kópav, með sérinng, WC, þvottah, laust strax, V. 80.000 3mán fyrirfram. S 868 7283.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**

Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 899 7012 Sólbakki.

# Atvinna

## Atvinna í boði

**POTTAGALDRAR EHF**
óska eftir starfsmanni í framleiðslu og pökkun.

Nánari upplýsingar í síma 564-4449 milli 8-12 virka daga eða pottagaldrar@pottagaldrar.is

Jói Fel

**JÓI FEL**
STARFSLÝSING:

Bakaríið hjá Jóa Fel óskar eftir að ráða afgreiðslufólk í fullt starf. Unnið er á tvískiptum vöktum og aðra hvora helgi. Um framtíðarstarf er að ræða. Einnig vantar okkur afgreiðslufólk í hlutastörf um helgar.

STARFSKRÖFUR:

Stundvísi, áreiðanleiki og góð þjónustulund. Íslenskukunnátta er skilyrði
**Umsóknum skal skilað til Lindu á linda@joifel.is**

REGNBOGINN
– leikskóli –

**STARF Í LEIKSKÓLA**
Leitum að traustum og glöðum einstaklingi til starfa. Þarf að vera umhyggjusamur og tala íslensku. Gæti hentað þeim sem ætlar að gera tímabundið hlé frá námi í vetur.
**Vinsamlega sendið fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti á regnbogi@regnbogi.is Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri**

**HÁSETI VANTAR**
Háseta vantar á mb. Núp BA 69 sem rær með beitingavél frá Patreksfirði. Uppl. í símum 897 1591, 862 5767 og 846 3526.

## Atvinna óskast

Málarar. Faglærðir Málarar Tökum að okkur öll almenn málningarstörf. Tilboð eða tímavinnna. s.771-9031

# Tilkynningar

## Einkamál

**HRINGIÐ Í STÍNU!**
Hún er alltaf til í heitt spjall spái einnig í spil. Opið frá 18 Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.






## Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.
## Berghólabraut 7 - 230 Reykjanesbær

## Botnösku- og spilliefnaskýli 2017

Verkfræðistofa Suðurnesja ehf. fyrir hönd Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. óskar eftir tilboðum í verkið: **„Sorpeyðingarstöð Suðurnesja – Botnösku- og spilliefnaskýli 2017".**

Verkið felst í að byggja 125 m² skýli sem ætlað er fyrir spilliefni, ásamt 66 m² skýli sem ætlað er fyrir botnösku.

Báðum skýlunum skal skilað fullfrágengnum að utan og innan.

Þessu verki skal að fullu lokið eigi síðar en 22. janúar 2018.

Útboðsgögn á rafrænu formi verða afhent á skrifstofu Verkfræðistofu Suðurnesja ehf., Víkurbraut 13, Reykjanesbæ, frá og með fimmtudeginum 7. september 2017. Tilboð verða opnuð á sama stað, föstudaginn 22. september 2017, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Verkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum telji hann þau utan ásættanlegs kostnaðarramma.

KALKA Sorpeyðingarstöð Suðurnesja
VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA

Berghólabraut 7 – 230 Reykjanesbær – sími 421 8010
netfang kalka@kalka.is - www.kalka.is

# NÝJAR LÓÐIR VIÐ ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK

## Breyting á deiliskipulagi svæðis Straumsvíkurhafnar í Hafnarfirði

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 24. 08. 2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Álversins í Straumsvík og Gasstöðvar í Straumsvík í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010.**

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að afmarkaðar eru þrjár nýjar lóðir á athafnasvæði Álversins. Jafnframt er skipulagsmörkum Álversins í Straumsvík breytt þannig að deiliskipulag fyrir gasstöð í Straumsvík er fellt inn í skipulagssvæði Álversins. Þar með fellur deiliskipulag fyrir gasstöð í Straumsvík úr gildi.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá frá 07.09. til 19.10. 2017. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á **www.hafnarfjordur.is**

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 19.10.2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Innrömmun og verslun til sölu

Er ein elsta og best tækjum búna innrömmun á landinu. Innrömmunin, sem hefur verið á sama stað í meira en 20 ár, er með mikla viðskiðptavild, góða afkomu og sterkan viðskiptamannahóp. Vaxandi fyrirtæki með mikla framtíðarmöguleika.

Uppl. gefur Óskar Mikaelsson, lgf. á: ***oskar@atveignir.is*** og síma 773-4700. Fyrirtækjasala Ísl.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

- *Hjólbarðaviðgerðir*
- *Smurþjónusta*
- *Bremsur*
- *Demparar*
- *Rafgeymar*
- *o.fl.*

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

***GENERAL HJÓLBARÐAR***

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

## Ferðaþjónustuhús



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**




**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir



**íshúsið**
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is


SPORT
Premier League
ENSKI BOLTINN
ER HAFINN!
SPORTPAKKINN
Tryggðu þér
áskrift á aðeins
399 kr. á dag*
11.990 kr. á mán.
TRYGGÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
STRAX Í DAG
365.is | Sími 1817
365
*miðað við 12 mánaða bindingu

# Öflugt markaðsstarf skilar árangri



**Svavar Halldórsson**
framkvæmdastjóri Markaðsráðs kindakjöts og Icelandic lamb

Undanfarin misseri hefur verið unnið að undirbúningi og framkvæmd víðtækustu markaðssetningar á íslensku lambakjöti frá upphafi undir merkjum Icelandic lamb. Þetta rímar við metnaðarfulla framtíðarstefnu sauðfjárbænda sem felur m.a. í sér fulla kolefnisjöfnun, bann við notkun á erfðabreyttu fóðri og rekjanleika allra afurða. Áhersla er lögð á sögu, menningu, hreinleika og gæði. Verkefnið hefur þegar skilað árangri. Innanlandssala jókst um 6% á fyrri helmingi þessa árs og 5% í fyrra. Árin þar á undan var samdráttur. Skipulögð markaðssetning til erlendra ferðamanna skýrir umskiptin.

**Sú staða sem uppi er í íslenskri sauðfjárrækt er flókin og að mörgu leyti sérkennileg. Góður árangur á innanlandsmarkaði, metnaðarfull langtímaverkefni í útflutningi inn á valda sérmarkaði og velheppnuð markaðssetning gagnvart erlendum ferðamönnum falla í skuggann af tímabundnum erfiðleikum í útflutningi á nafnlausu kjöti. Þetta hefur áhrif á verð til bænda.**

### Vandræði í útflutningi

Á sama tíma hefur útflutningur dregist saman. Þó voru í fyrra flutt 2.800 tonn til 19 landa fyrir tæpa tvo milljarða króna. Eins og staðan er nú treystir greinin þó alltof mikið á ódýrari afsetningarmarkaði og erfiðleikar vegna Rússadeilunnar, lokunar Noregsmarkaðar, falls breska pundsins og styrkingar íslensku krónunnar valda vanda. Útlit er fyrir að birgðir við upphaf sláturtíðar séu þrátt fyrir þetta ekki nema um 600-700 tonnum meiri en æskilegt væri. Þetta er u.þ.b. eins mánaðar sala. Ráðist var í sérstakar aðgerðir í vetur og vor til að bregðast við og án þeirra væri staðan mun verri. Aætluð samsetning birgðanna veldur þó áhyggjum því bestu bitarnir seljast vel.

### Kemur ekki á óvart

Í langan tíma hefur verið ljóst að vinna þyrfti íslensku lambakjöti sterkari sess meðal erlendra ferðamanna og á sérhæfðum markaðssyllum í útlöndum en færa sig út af ódýrari mörkuðum. Sá hluti útflutningsins sem sérstaklega er markaðssettur sem íslenskur heldur sínu við erfiðar ytri aðstæður. Það er þó enn sem komið er ekki nema brot af heildinni. Tækifærin eru til staðar því heildarneyslan í heiminum er um 14 milljónir tonna og gæði íslenska lambakjötsins ótvíræð. Til samanburðar er framleiðslan á Íslandi um 10 þúsund tonn. Þess vegna rataði sérstakt langtímaverkefni inn í nýgerðan búvörusamning.

### Milljónir snertar í gegnum samfélagsmiðla

Þrátt fyrir að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað á Íslandi undanfarin ár, skilaði sú fjölgun sér ekki í aukinni sölu á lambakjöti fyrr en ráðist var í öfluga markaðssetningu undir merkjum Icelandic lamb. Kraftmikil verðlaunaherferð hófst á samfélagsmiðlum á seinni hluta síðasta árs. Notendur hafa séð efnið um 14,5 milljón sinnum sem er harla gott. Herferðin var nýlega verðlaunuð af FÍT og tilnefnd til norrænu Embluverðlaunanna 2017. Að auki eru um 100 veitingastaðir í samvinnu um að setja íslenskt lambakjöt í öndvegi. Almenn ánægja er hjá samstarfsstöðunum og að jafnaði hefur salan hjá þeim aukist umtalsvert.

### Sérmarkaðir í útlöndum

Unnið er að þýðingu og staðfærslu á markaðsefni Icelandic lamb á þýsku, japönsku og kínversku. Leitað hefur verið samstarfs við fyrirtæki sem sérhæfa sig í sölu og dreifingu á hágæða matvöru til veitingastaða og sérverslana í Japan, Evrópu og Norður-Ameríku. Þetta hefur gengið vonum framar og þegar skilað talsverðri sölu. Þá stefnir í metár í sölu til Whole Foods sem óskað hefur eftir sérstöku samstarfi við Icelandic lamb um samfélagsmiðlaherferð vestra í haust.

### Sérkennileg og flókin staða

Sú staða sem uppi er í íslenskri sauðfjárrækt er flókin og að mörgu leyti sérkennileg. Góður árangur á innanlandsmarkaði, metnaðarfull langtímaverkefni í útflutningi inn á valda sérmarkaði og velheppnuð markaðssetning gagnvart erlendum ferðamönnum falla í skuggann af tímabundnum erfiðleikum í útflutningi á nafnlausu kjöti. Þetta hefur áhrif á verð til bænda. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að bregðast við skammtímavandanum en um leið að hafa metnaðarfulla framtíðarsýn og hlúa myndarlega að þeim verkefnum sem raunverulega skila árangri.






Landsliðsfyrirliðinn Hlynur Bæringsson á ferðinni í leiknum gegn Finnlandi í gær. Óvíst er hvort þetta var hans síðasti landsleikur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Leiðtogar íslenska liðsins hugsa sinn gang og gáfu ekkert út

Jón Arnór Stefánsson og Hlynur Bæringsson vildu ekki gefa neitt út um framtíð sína með íslenska landsliðinu eftir frábæra frammistöðu en naumt tap íslenska liðsins á móti Finnum í gærkvöldi í lokaleik Íslands á EM í Helsinki. Ísland var yfir á köflum í leiknum en gaf mikið eftir í fjórða og síðasta leikhlutanum.

Skrifar frá
**Helsinki**
Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



**KÖRFUBOLTI** Ungu strákarnir og þjálfarinn Craig Pedersen vonast eftir því að þeir Hlynur Bæringsson og Jón Arnór Stefánsson haldi áfram með íslenska landsliðinu og að lokaleikur Íslands á EM í Helsinki í gær verði ekki síðasti leikur þessara miklu leiðtoga og frábæru leikmanna með íslenska körfuboltalandsliðinu. Það voru hins vegar engar stórar yfirlýsingar í fjölmiðlaviðtölum eftir leikinn í Hartwall Arena í gærkvöldi.

Íslenska liðið stóð sig frábærlega á móti Finnum í gær og var um tíma níu stigum yfir eftir að liðið hélt Finnum stigalausum í meira en sex mínútur samfellt.

„Þetta var vörnin sem við vorum búnir að bíða eftir. Það er rosalega pirrandi að það sé ekki nóg og að hugsa til þess að við áttum að vinna þennan leik,“ sagði Martin Hermannsson eftir leikinn.

Finnarnir áttu hins vegar svör í lokin og voru með hinn tvítuga Lauri Markkanen sem var íslenska liðinu mjög erfiður í þessum leik með 23 stig á 23 mínútum. Finnar unnu leikinn á endanum með fjórum stigum, 83-79.

„Þetta er hrikalega sárt tap og það er erfitt að kyngja þessu,“ sagði niðurbrotinn Jón Arnór Stefánsson eftir leikinn í gær. „Ég verð örugglega léttari á morgun en það jákvæða sem maður finnur fyrir núna er stemningin í höllinni og hvernig liðið spilaði og lagði sig fram í dag. Við vorum nálægt því að ná sigri,“ sagði Jón.

Íslenska liðið brotnaði ekki og hikaði aldrei í gær eins og oft áður í mótinu og Finnar, sem eru með annað besta lið riðilsins, gátu þakkað fyrir að boltinn og dómarar féllu með þeim í lokin.

„Ég er bara svo ótrúlega svekktur að ná ekki að landa sigrinum fyrir okkur sem höfum verið að berjast fyrir þessu allan þennan tíma. Ég get samt ekki annað en verið ótrúlega ánægður með þennan leik,“ sagði Jón Arnór. En hvað með mótið?

„Ég er búinn að gleyma leikjunum á undan og hugsa bara um þennan leik og hvað var gaman að spila með mínum liðsfélögum í dag og fyrir framan þessa ótrúlegu áhorfendur,“ sagði Jón. En hvað með framhaldið með landsliðinu?

„Ef ég er ennþá nógu góður þá kemur alveg til greina að ég verði með. Þessir gluggar heilla og það er meira vit í því að vera með en ekki. Það bara kemur í ljós. Ég tek smá tíma eftir þetta mót og hugsa minn gang,“ sagði Jón Arnór og á þá við tvö landsleikjahlé á komandi tímabili í nóvember og febrúar. Hlynur svaraði á svipuðum nótum og hvað var að heyra á Loga Gunnarssyni að hann vildi spila áfram.

„Við erum ekkert að yngjast og það kemur að þessum kynslóðarskiptum. Við eigum samt alveg nóg að gefa þessu liði,“ sagði Jón.

Martin Hermannsson var bæði stigahæstur (12,8) og stoðsendingahæstur (4,8) hjá íslenska liðinu á mótinu og hann vill sjá reynsluboltana halda áfram. „Ég vil halda í þessa gömlu eins lengi og hægt er. Það sást í dag að Jón Arnór er ennþá með þvílík gæði, baráttan hans Hlyns smitar endalaust út frá sér og þótt að Logi spilaði ekki mikið þá er það gott fyrir sálina að hafa hann á bekknum. Hann hjálpar okkur ungu leikmönnunum mikið,“ sagði Martin.

> Við erum ekkert að yngjast og það kemur að þessum kynslóðarskiptum. Við eigum samt alveg nóg að gefa þessu liði.
>
> Jón Arnór Stefánsson

Haukur Helgi Pálsson, næststigahæsti leikmaður íslenska liðsins á EM í Helsinki, talaði á svipuðum nótum.

„Það er líklega ákveðin kynslóðarskipti í gangi þótt ég myndi helst ekki vilja það. Mér finnst geggjað að spila með þessum strákum og sérstaklega þessum eldri. Maður á alltaf að spila á besta liðinu sama þótt séu orðnir fertugir. Ef þeir betri en einhverjir aðrir þá er það bara þannig. Við erum samt með flotta unga stráka sem eru að koma upp,“ sagði Haukur.

Landsliðsþjálfarinn Cragi Pedersen vonast líka eftir því að Jón og Hlynur taki slaginn áfram. „Það er best að þeir fái smá tíma til að meta stöðuna og finni réttu tilfinninguna. Það er rangur tími að spyrja þá núna en ég vona að þeir haldi áfram. Þeir eru leiðtogarnir í liðinu og þegar liðið lendir í mótlæti þá eru það þeir sem sýna réttu leiðina,“ sagði Craig.

Jón Arnór og Hlynur ætla að taka sér sinn tíma í þessu stóru ákvörðun. Hver veit nema að sigur í gærkvöldi hefði verið réttur tímapunktur til að kveðja en það breytir ekki því að það eru forréttindi fyrir okkur Íslendinga að sjá þessa miklu höfðingja klæðast landsliðstreyjunni. Hver veit nema að við sjáum meira af þeim í númerum 8 og 9 í nóvember og febrúar.

## Tölfræði leiksins

| Ísland 79 | | Finnland 83 |
|---|---|---|
| Fráköst | 31 - 38 | Fráköst |
| Stoðsendingar | 22 - 19 | Stoðsendingar |

Þremur árum seinna kom svo París norðursins sem átti fína spretti en var aðeins of mikið „bla“ að mati undirritaðs. Nú hafa þeir Huldar Breiðfjörð (sem skrifaði einnig París með Hafsteini) mótað svarta kómedíu, prakkaralega og lúmskt áhrifaríka sem varpar ljósi á sorg og gildrur samskipta- og tengingarleysis á virkilega ferskan máta, með hæfilega óvæntri og brengluðri framvindu.

Handritið er einfalt í grunninn en spilar með flóknar tilfinningar sem sjaldan eru stafaðar út. Þetta á líka við um það hvernig upplýsingar komast til skila, hvaða spurningum handritið svarar og hvar áhorfendur geta leyft sér að fylla í eyðurnar.

Hafsteini tekst að segja margt með ótal smáatriðum og fær góðan stuðning frá tvennu sem skiptir heildarsvip myndarinnar öllu máli.

Fyrst ber að nefna vandaða kvikmyndatöku Moniku Lenczewska, sem gefur sögunni viðeigandi kalda, í raun dapurlega pallettu. Síðan er það býsna geggjuð tónlist frá Daníel Bjarnasyni sem býr til magnandi og furðulegan drunga (með smá aðstoð frá Bach og Rachmaninoff). Músíkin á sömuleiðis stóran þátt í því hvernig heildin skiptir svo listilega um gír, úr gríni í alvöru, þó myndin eigi það vissulega til að vera grafalvarleg og fyndin á sama tíma. Og stundum drephlægileg.

Leikhópurinn sem hér hefur safnast saman er ekkert annað en meiriháttar, í jafnt smáum sem stórum hlutverkum. Bæði nær hópurinn að gæða þennan „melankólíska“ farsa hressri orku og slá hvergi feilnótu þegar kemur að dramatískari hliðunum. Edda Björgvinsdóttir er þó óumdeild stjarna myndarinnar, með mestu dýptina og eftirminnilegustu persónuna, og hefur ekki í áraraðir eignað sér skjáinn eins og hún gerir hér.

En öll dýnamík karaktera og leikara eins og hún leggur sig, ásamt þrívíðum, mannlegum eða snarbiluðum hliðum þeirra, innsiglar meðmælin. Þar koma til dæmis Þorsteinn Bachmann, Selma Björnsdóttir, Lára Jóhanna Jónsdóttir og (sérstaklega) Siggi Sigurjóns mjög sterk inn. Steindi Jr. kemur einnig vel út með stórfínum leik sem jafnast samt ekki á við áreynslulaus tilþrifin hjá reyndari mótleikurum hans, en hann leggur sig allan fram og passar í hlutverk sem er meira marglaga en mætti halda í fyrstu.

Hlutverk Steinda og þróun hans í myndinni hefur að vísu ekki sama bit í sér og allt sem viðkemur eldra settinu og deilum þess við nágranna sína. Reyndar hefði mátt gera ögn meira með Selmu, jafnvel Víking Kristjáns og Nönnu Kristínu Magnúsdóttur, en um þau tvö má svo sem deila.

Nágrannastríð í bíómyndum, gaman eða drama, er formúla sem tekið hefur ýmiss konar form. Með þessari mynd hefði einmitt verið auðvelt að ganga of langt með grínið, en hún skarar fram úr með einlægri rödd sem styrkir hana og karakterana, auk þess að ná svona fínt að trekkja upp lágstemmdan spennugjafa úr vaxandi gremjunni.

Undir trénu er laus við tilgerð og rembing, og þess í stað kemur yndislega rugluð, hnyttin, tragísk og faglega unnin mynd á flestan máta, frá klippingu til hljóðvinnslu. Sem bónus er hún hlaðin ýmsum ógleymanlegum litlum atvikum og ljúfum skammti af vægðarleysi, tilfinningadýpt og kaldhæðni í leiðinni. Bara gaman.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Brakandi fersk kómedía í dekkri kantinum. Vel skrifuð og heldur dampi með fyndnum ágreiningi og ekki síst æðislegu samspili leikhópsins.







SENSAI dagar í öllum snyrtivörudeildum Hagkaups 7.-13. september.

Glæsilegur kaupauki þegar keyptar eru tvær vörur í nýju förðunarlínunni*

*Gildir meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Þú færð Coca-Cola í Laugarásbíói
LAUGARÁS BÍÓ
Aukakrónur 5%
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Undir trénu – SÝND KL. 6, 8, 10
American Made – SÝND KL. 10.30
Emoji myndin – Ævintýri sem þarf engin orð – SÝND KL. 6
Atomic Blonde – SÝND KL. 8
Logan Lucky – SÝND KL. 8, 10.30

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Tom Cruise American Made – Based on a true lie
Skrímslafjölskyldan – Frábær ný mynd fyrir alla fjölskylduna. Sýnd með íslensku tali.
Bruce Willis, Jason Momoa, John Goodman – Hörku spennumynd – Once Upon a Time in Venice
Ryan Reynolds, Samuel L. Jackson, Gary Oldman, Salma Hayek – The Hitman's Bodyguard – Grín-spennumynd ársins!
Amandla Stenberg, Nick Robinson – Everything, Everything – Byggð á metsölubókinni 'Allt eða Ekkert'
Dunkirk – 93%

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL KL. 5:50
ONCE UPON A TIME IN VENICE KL. 5:50 - 8 - 10:10
EVERYTHING, EVERYTHING KL. 8 - 10:30
HITMAN'S BODYGUARD KL. 6:30 - 8 - 9 - 10:30
HITMAN'S BODYGUARD VIP KL. 5:30 - 8 - 10:30
ANNABELLE: CREATION KL. 8 - 10:30
STORKURINN RIKKI ÍSL TAL KL. 6
BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D KL. 5:50
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
AMERICAN MADE KL. 5:30 - 8 - 10:30
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL KL. 5:30
EVERYTHING, EVERYTHING KL. 5:40 - 8 - 10:10
HITMAN'S BODYGUARD KL. 8 - 10:30
ANNABELLE: CREATION KL. 10:40
DUNKIRK KL. 5:40

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
UNDIR TRÉNU KL. 8 - 10:05
AMERICAN MADE KL. 8 - 10:30

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL KL. 5:50
EVERYTHING, EVERYTHING KL. 5:50 - 8 - 10:10
HITMAN'S BODYGUARD KL. 8 - 10:30
DUNKIRK KL. 5:40 - 8 - 10:20

SAMBÍÓIN AKUREYRI
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL KL. 5:50
ONCE UPON A TIME IN VENICE KL. 10:10
EVERYTHING, EVERYTHING KL. 5:50 - 8
HITMAN'S BODYGUARD KL. 8
ANNABELLE: CREATION KL. 10:30

Góða skemmtun í bíó

# Alice in Chains – rokkmessa til minningar um söngvarann sem hefði orðið fimmtugur í ár

Á föstudaginn næsta verður haldin Alice in Chains – rokkmessa á Gauknum þar sem allir helstu slagarar sveitarinnar verða teknir. Tónleikarnir eru haldnir í minningu söngvara Alice in Chains, Layne Staley, en hann hefði orðið fimmtugur á þessu ári hefði hann lifað. „Það var búið að þrýsta mikið á að endurtaka leikinn enda hafa fyrri Alice in Chains kvöldin okkar verið gríðarlega vel sótt og miklar stemmingsstundir,“ segir gítarleikarinn Franz Gunnarsson. „Það er því tilvalið að setja á svið tónleika núna, í tilefni þess að söngvarinn sálugi, Layne Staley, hefði orðið fimmtugur um þessar mundir. Hópurinn er búinn að vera að hittast og spila þessi lög og það er alveg æðislegur filingur í gangi. Við hlökkum mikið til,“ segir Franz og bendir áhugasömum á að hægt er að nálgast miða á tónleikana á tix.is. Fram koma á tónleikunum Jens Ólafsson, Kristófer Jensson, Helgi Reynir Jónsson, Kristján B. Heiðarsson og Jón Svanur Sveinsson ásamt Franz. – gha



Alice in Chains var stofnuð árið 1987 í Seattle í Washington. NORDICPHOTOS/GETTY

Varmadælur & loftkæling
Kælitækni
Midea It's your Idea
• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
• Hægt að fá WiFi
Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

### 7. SEPTEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Grísalappalísa + Andi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Hljómsveitirnar Grísalappalísa og Andi leika fyrir dansi á Húrra. 2.000 krónur inn.

**Hvað?** Dísa Jakobs og Sóley læf á Bryggjunni
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bryggjan brugghús
Eftir áralanga búsetu erlendis er Dísa Jakobsdóttir flutt aftur heim og fagnar nú útgáfu nýrrar breiðskífu, Reflections. Dísa flytur tónlist nýju plötunnar í bland við eldra efni og henni til fulltingis verður Hannes Helgason á hljómborð, Karl James Pestka á fiðlu og Þorvaldur Þór Þorvaldsson á trommum. Sóley verður eins og svo oft áður ein á sviðinu og flytur nýtt og eldra efni.

**Hvað?** Jóhanna Guðrún
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hard Rock Café
Jóhönnu Guðrúnu þarf varla að kynna fyrir land og þjóð. Hún mun koma fram á Hard Rock kjallaranum á fimmtudögum í vetur. Frábært tækifæri til að sjá þessa mögnuðu söngkonu á tónleikum.

**Hvað?** Sindri Eldon & the Ways / Skelkur í bringu / Dýrðin
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Í kvöld munu hljómsveitirnar Sindri Eldon & the Ways, Skelkur í bringu og Dýrðin koma fram á Dillon og leika þar mörg af sínum allra bestu og frægustu lögum. Lög sem mörg hver hafa fylgt íslensku þjóðinni í áratugi.

### Viðburðir

**Hvað?** Café Lingua | Rússnesk tunga og menning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Hvað ætli búi margir á Íslandi sem kunna rússnesku? Hversu margir tala rússnesku í heiminum? Rætt verður um rússneska tungu og menningu og munu þau Jón Ólafsson og Rebekka Þráinsdóttir, kennarar í rússnesku við Háskóla Íslands, og nokkrir nemendur þeirra kynna námið og leiða umræður um Rússland og rússnesku, tungumál Austur-Evrópu og gömlu Sovétríkjanna.

**Hvað?** Leiðsögn: Kristín Anna Valtýsdóttir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Kristín Anna Valtýsdóttir, tónlistarmaður og samstarfsmaður Ragnars Kjartanssonar, tekur þátt í leiðsögn um sýninguna Guð, hvað mér líður illa í Hafnarhúsi.

**Hvað?** Snorri Ásmundsson og „Mulieres Praestantes“
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hannesarholt
Í kvöld mun myndlistarmaðurinn Snorri Ásmundsson svara spurningum gesta um sýningu sína Mulieres Praestantes. Titill sýningarinnar er Yfirburðakonur, og eru myndefnin konur sem skarað hafa fram úr í sögunni, með einum eða öðrum hætti. Meðal kvennanna eru Díana prinsessa, Amelia Earhart og Malala Yousafzai.

**Hvað?** Smekkleysa 30 ára – sýning í Þjóðarbókhlöðu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Þjóðarbókhlaðan
Í dag verður opnuð sýning í Þjóðarbókhlöðu í tilefni af 30 ára afmæli Smekkleysu sem er reyndar að verða 31 árs, stofnuð haustið 1986.

HAFIÐ FISKVERSLUN
Hlíðasmára • Spönginni • Skipholti

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Kongens Nei ..... 17:30
BPM (120 Beats Per Minute) ..... 17:15
Hjartasteinn ..... 17:30
Parents: Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs ..... 20:00
The Square ..... 20:00, 22:15
Eg Man Pig ..... 20:00
Out Of Thin Air ..... 22:30
The Greasy Strangler ..... 22:15
The Square
Kongens Nei


WWW.BILALAND.IS
ÚRVAL
NOTAÐRA BÍLA
BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI
Rnr. 390358
HONDA CRV
Nýskr. 07/16, ekinn 15 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
4.990 þús. kr.
Rnr. 370701
Range Rover Evoque
Nýskr. 11/16, ekinn 16 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
7.990 þús. kr.
Rnr. 144215
NISSAN Qashqai Acenta 4WD
Nýskr. 05/16, ekinn 67 þ.km,
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
3.190 þús. kr.
Rnr. 370727
RENAULT Clio Dynamic
Nýskr. 05/14, ekinn 62 þ.km,
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
1.890 þús. kr.
Rnr. 121304
OPEL Astra Notchback
Nýskr. 08/15, ekinn 22 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
2.390 þús. kr.
Rnr. 121300
HYUNDAI I10 Comfort
Nýskr. 04/16, ekinn 40 þ.km,
bensín, beinskiptur.
VERÐ:
1.490 þús. kr.
Rnr. 370723
VW Tiguan Trend&Fun
Nýskr. 05/14, ekinn 59 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
3.590 þús. kr.
Rnr. 321175
VOLVO V40
Nýskr. 02/15, ekinn 61 þ.km,
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
2.990 þús. kr.
Rnr. 390352
SUBARU Levorg Premium
Nýskr. 01/17, ekinn 13 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
4.490 þús. kr.
Rnr. 390244
RENAULT Kadjar Zen 4WD
Nýskr. 01/16, ekinn 71 þ.km,
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
3.190 þús. kr.
Rnr. 330945
RENAULT Clio Expression
Nýskr. 06/16, ekinn 17 þ.km,
bensín, beinskiptur.
VERÐ:
2.150 þús. kr.
Rnr. 370731
PEUGEOT 5008 Style
Nýskr. 04/14, ekinn 63 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
2.890 þús. kr.
Rnr. 330967
SUBARU Forester Premium
Nýskr. 06/16, ekinn 61 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
3.790 þús. kr.
Rnr. 370745
NISSAN Qashqai Acenta 4WD
Nýskr. 07/16, ekinn 45 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
3.390 þús. kr.
Rnr. 144190
KIA Sportage 4WD
Nýskr. 06/15, ekinn 84 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ:
3.990 þús. kr.
Rnr. 370724
HYUNDAI I30 Classic
Nýskr. 01/16, ekinn 39 þ.km,
bensín, beinskiptur.
VERÐ:
2.390 þús. kr.
Rnr. 370732
NISSAN Pulsar Acenta
Nýskr. 06/16, ekinn 31 þ.km,
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
2.680 þús . kr.
Rnr. 370741
HONDA Jazz
Nýskr. 05/14, ekinn 54 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ:
1.790 þús. kr.
Rnr. 400160
NISSAN Juke Acenta 2WD
Nýskr. 06/15, ekinn 50 þ.km,
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
2.390 þús. kr.
Rnr. 192468
DACIA Duster 4WD
Nýskr. 12/14, ekinn 36 þ.km,
dísil, beinskiptur.
VERÐ:
2.390 þús. kr.
ENNEMM / SÍA / NM83872
Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.
Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
Opið frá kl. 9-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.
bílaland

HÚSASMIÐJAN

blómaval

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

# ÚTSALA

## HÚSASMIÐJUNNAR & BLÓMAVALS

ALLT AÐ **70%** AFSLÁTTUR

**Háþrýstidæla, 105 bör**

**9.995 kr**

~~15.995 kr~~

**Háþrýstidæla** C 105C7-5
105 bör, 440 ltr./klst. Sjálvirk gagnsetning og stöðvun með Click & Clean kerfi.
5254201




**37%** afsláttur

**3 stk., 11cm pottur**

**Erikurnar eru komnar**

**990 kr**



HREINLÆTISTÆKI 25-40% • STIGAR OG TRÖPPUR 25% • GARÐVERKFÆRI 30% • PARKET OG FYLGIHLUTIR 30-45%
VERKFÆRATÖSKUR 30% • BLACK & DECKER RAFMAGNSVERKFÆRI 30% • HILLUREKKAR 30%
HITACHI OG DEWALT VERKFÆRI 20% (VELTISAGIR 15%) • STANLEY LOFTPRESSUR 25% • HANDVERKFÆRI 30%
HÁÞRÝSTIDÆLUR 30% • HNÍFAPÖR OG ELDHÚSÁHÖLD 30% • MATARSTELL OG GLÖS 30% • POTTAR OG PÖNNUR 30%
BÖKUNARVÖRUR 20% • HREINLÆTISVÖRUR 25% • PLASTKÖRFUR OG BOX 25% • STRAUBRETTI 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 25-50% • VINNUFATNAÐUR 20% • NORDLUX LJÓS 70% • CADAC FERÐAGRILL 40%
BROIL KING GRILL 25% • GRILLÁHÖLD BROIL KING / GRILLPRO 35% • GARÐHÚSGÖGN 35% • FERÐAHÚSGÖGN 35%
FERÐAVÖRUR 40% • GARÐLEIKFÖNG 40% • FLÍSAR 30% • INNIHURÐIR JELD-WEN 25-40% • LOFT-OG VEGGÞILJUR 20%
ELDAVÉLAR 20% • OFNAR 20% • HELLUBORÐ 20% • HÁFAR OG VIFTUR 20% • ELECTROLUX SMÁRAFTÆKI 30%
ELECTROLUX RYKSUGUR 30% • POTTAPLÖNTUR 20-50% • GJAFAVARA 20-50% • KERTI 20% • LUKTIR 20%
GARÐÁLFAR 50% • REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR 30-50%

...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**Byggjum á betra verði**



Frystikista, 103 ltr.
29.990 kr
35.990 kr
Frystikista
G115, 103 ltr. A+.
1805483
Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
54.990 kr
64.990 kr
Þurrkari
EDP2074PDW barkalaus m/rakaþétt
1860171
Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
56.990 kr
64.990 kr
Uppþvottavél
ESF5521LOW
1808976
40% afsláttur
Matarstell, 40 stk.
6.594 kr
10.990 kr
Matarstell
Aida Café, 40 stk.
2007572
Electrolux
4.890 kr
6.990 kr
Blandari
ESB2500 0.6l
Stál 300w
plastkanna.
1840154
30% afsláttur
48% afsláttur
KAINDL
Eikarplanki
1.195 kr/m²
2.289 kr/m²
Harðparket
Kaindl, 8 mm, eikarplanki, bandsagaður.
147071
30% afsláttur
STANLEY
15.995 kr
22.995 kr
Hleðsluborvél 18V
Stanley.
5159443
2.495 kr
4.629 kr
Claber Bílakústur
5081645
46% afsláttur
56% afsláttur
3.495 kr
7.995 kr
Claber ruslavagn
5081642
40% afsláttur
14.997 kr
24.995 kr
Black&Decker hekkklippur
GT6060
5083650
Laufsuga og blásari
5.000 kr
7.995 kr
Laufsuga/blásari
BV 2800 IKRA
5083651
37% afsláttur
8.395 kr
13.995 kr
IKRA keðjusög
EKSN-2200-40
5083730
40% afsláttur
FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur



**NCIS**
**KL. 20.35**
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**MASTERCHEF USA**
**KL. 19.50**
Skemmtileg sería með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**ANIMAL KINGDOM**
**KL. 21.20**
Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás.



**TRAINING DAY**
**KL. 22.10**
Stórskemmtilegur spennuþáttur um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem oftar en ekki eru æði ósammála um hvernig löggæslan skuli fara fram!




**JULIE & JULIA**
**KL. 19.55**
Rómantísk og hugljúf mynd um unga konu sem ákveður einn daginn að matreiða 524 uppskriftir úr matreiðslubók eftir Juliu Child.



**BANSHEE**
**KL. 21.35**
Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrverandi fangi og afar útsmoginn þjófur.



**LÁSI LÖGGUBÍLL**
**BÍÓMYND KVÖLDSINS KL. 19**
Frábær og skemmtileg teiknimynd sem segir frá því þegar Lási fær það verkefni að gæta Arnarmömmu sem er í útrýmingarhættu og eggsins hennar.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Kalli kanína og félagar
07.50 Tommi og Jenni
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Mom
10.35 Mike & Molly
10.55 The Mindy Project
11.15 Landnemarnir
11.50 Veistu hver ég var?
12.35 Nágrannar
13.00 Notting Hill
15.00 Impractical Jokers
15.25 Little Big Shots
16.10 Mike & Molly (12 / 13)
16.35 The Simpsons
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 2 Broke Girls
19.45 Masterchef USA
20.30 NCIS
21.15 Animal Kingdom
22.05 Training Day
22.50 Insecure
23.25 Loch Ness
00.15 The Sinner
01.05 Wallander
02.35 The Mafia with Trevor McDonald
03.20 The Mafia with Trevor McDonald
04.10 Humans
04.55 Humans
05.45 The Middle
06.10 Mom

## STÖÐ 2 SPORT

07.00 Markaþáttur Undankeppni HM 2018
07.50 Grikkland – Belgía
09.35 Þýskaland – Noregur
11.15 U21. Ísland – Albanía
13.05 Frakkland – Lúxemborg
14.50 Markaþáttur Undankeppni HM 2018
15.40 Þór/KA – Stjarnan
17.20 Fylkir – Þróttur R
19.30 Pepsi-mörk kvenna 2017
20.30 Premier League World 2017/2018.
21.00 Búrið
21.35 UFC Unleashed 2017
22.20 Fylkir – Þróttur R
00.00 Pepsi-mörk kvenna 2017
01.00 Premier League World 2017/2018
01.30 Búrið
02.05 UFC Unleashed 2017

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Armenía – Danmörk
08.45 Ungverjaland – Portúgal
10.30 Færeyjar – Andorra
12.15 Holland – Búlgaría
14.00 Hvíta-Rússland – Svíþjóð
15.45 FH – KR
17.30 Pepsimörkin 2017
18.55 Meistarakeppni HSÍ
20.25 Ísland – Úkraína
22.10 Úkraína – Tyrkland
23.55 UFC Fight Night: Volkov vs. Struve

## STÖÐ 3

17.25 New Girl
17.50 Mike & Molly
18.05 The Big Bang Theory
18.30 Modern Family
19.00 Curb Your Enthusiasm
19.35 Dulda Ísland
20.30 Lóa Pind: Battlað í borginni
21.30 Man Seeking Woman
21.55 Cold Case
22.40 Supernatural
23.25 Luck
00.15 Banshee
01.05 Modern Family
01.25 Curb Your Enthusiasm
01.55 Dulda Ísland
02.50 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Tindur
09.11 Zigby
09.25 K3 (4.52)
09.38 Mæja býfluga
09.47 Stóri og Litli
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Tindur
13.11 Zigby
13.25 K3 (4.52)
13.38 Mæja býfluga
13.47 Stóri og Litli
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Tindur
17.11 Zigby
17.25 K3 (4.52)
17.38 Mæja býfluga
17.47 Stóri og Litli
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Skógardýrið Húgó

Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47



## GOLFSTÖÐIN

12.05 Golfing World 2017
12.55 Dell Technologies Championship
16.25 Dell Technologies Championship
21.50 Golfing World 2017
Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
22.40 Champions Tour Highlights 2017
23.35 PGA Highlights 2017

## STÖÐ 2 BÍÓ

11.40 War Room
13.40 Absolutely Anything
15.05 Goosebumps
16.50 War Room
18.50 Absolutely Anything
20.15 Goosebumps Ævintýramynd frá 2015 með Jack Black í aðalhlutverki. R.L. Stine hefur skrifað margar skrimslabækur en glímir við það vandamál að ef eitthvert af frumeintökum bóka hans er opnað sleppa skrímslin sem þar er að finna út í raunheima. Stine hefur því gætt þess vel og vandlega að læsa bókunum og passa að enginn utanaðkomandi komist í þær. Sú öryggisráðstöfun fer þó fyrir lítið þegar nýlegur nágranni hans kíkir við í heimsókn ásamt félaga sínum því áður en Stine getur stöðvað þá hafa þeir opnað eina af bókum hans af einskærri forvitni. Þar með sleppa fjölbreytt skrímslin í henni út í mannheima og við tekur heilmikið vesen við að koma þeim aftur á sinn stað.
22.00 Mortdecai
23.45 Meet Joe Black
02.40 Skin Trade
04.15 Mortdecai

## RÚV

11.35 Slóvenía - Frakkland
13.35 Eldhugar íþróttanna
14.00 Íþróttaafrek
14.20 Grikkland - Pólland
16.15 Hið ljúfa líf
16.35 Úr gullkistu RÚV
17.00 Táknmálsfréttir
17.15 Finnland - Ísland
19.50 Víkingalottó
20.00 Fréttir
20.25 Íþróttir
20.30 Veður
20.35 Vatnajökull - Eldhjarta Íslands
21.05 Töfrar Houdini
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 EM í körfubolta 2017: Samantekt
22.40 Lífi Frakkland
00.05 Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Everybody Loves Raymond
08.24 Dr. Phil
09.09 90210(90210 4)
09.53 Psych
10.37 Síminn + Spotify
13.15 Dr. Phil
13.56 The Great Indoor
14.19 Crazy Ex-Girlfriend
15.06 America's Funniest Home Videos
15.31 Kitchen Nightmares
16.20 Everybody Loves Raymond
16.44 King of Queens
17.08 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.16 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
19.03 The Late Late Show with James Corden
19.47 Life in Pieces
20.10 Old House, New Home
21.00 Chicago Justice
21.45 The Handmaid's Tale
22.30 Sex & Drugs & Rock & Rol
23.40 The Late Late Show with James Corden
00.20 Deadwood
01.05 Chicago Med
01.50 How to Get Away with Murder
02.35 The Catch
03.20 Dice
03.50 Chicago Justice
04.35 The Handmaid's Tale
05.20 Sex & Drugs & Rock & Roll
05.50 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin


HYUNDAI i10
NÝIR - SJÁLFSKIPTIR
i10
Einn vinsælasti smábíllinn í dag
VERÐ KR.
1.890
ÞÚSUND
Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða
Komið og reynsluakið
Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala
Búnaður bílsins á mynd getur verið frábrugðinn sölubílum
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15
STÓRA BÍLASALAN
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

# Heilsan okkar



**Edda Björk Þórðardóttir** doktor í lýðheilsuvísindum svarar heilsuspurningum lesenda.

## Hvernig tekst ég á við skammdegið?

Takk fyrir spurninguna. Mörg okkar finna fyrir minni orku og jafnvel geðlægð yfir vetrarmánuðina.

Mikilvægt er að hafa eitthvað til að hlakka til yfir dimmasta árstímann. Taktu frá tíma til að sinna því sem þú elskar að gera – og leyfðu þér að hlakka til þess! Hafðu frumkvæði að því að skipuleggja hittinga með þeim sem þér finnst gefandi að umgangast. Góðar samverustundir með skemmtilegu fólki geta virkað eins og bestu vítamínsprautur í skammdeginu.

Þegar dimma tekur er upplagt að fara í göngutúr eða sund um miðjan daginn því þá fáum við bæði birtu og endorfín, sem er efni sem líkaminn framleiðir við hreyfingu og auka vellíðan. Ef þú ert inni hleyptu þá birtunni inn meðan hún gefst.

**ÞREYTA OG DEPURÐ GETA VERIÐ EINKENNI UM D-VÍTAMÍNSKORT OG RANNSÓKNIR SÝNA AÐ MEIRIHLUTA ÍSLENDINGA SKORTIR D-VÍTAMÍN.**



Ef áhyggjur eða depurð leita á hugann skaltu ekki burðast einn með þær tilfinningar. Oft hjálpar að ræða við þá sem við treystum, en jafnframt er mikilvægt að leita sér aðstoðar ef þunglyndi gerir vart við sig.

Þreyta og depurð geta verið einkenni um D-vítamínskort og rannsóknir sýna að meirihluta Íslendinga skortir D-vítamín. Því er mikilvægt fyrir börn og fullorðna að taka lýsi eða D-vítamíntöflur daglega samkvæmt ráðleggingum.

Góður svefn er afar mikilvægur fyrir andlega og líkamlega heilsu og föst rútína, þ.e. að sofna og vakna á sama tíma, minnkar verulega líkur á svefnvanda í skammdeginu. Vekjaraklukkur með dagsljósalampa geta hjálpað okkur að fara á fætur.

Að lokum – gott getur verið að ylja sér við góðar minningar í skammdeginu. Taktu fram ljósmyndir af eftirminnilegum augnablikum sem kalla fram bros og hafðu hluti sem minna á góðar stundir frá liðnu sumri uppi við.

**NIÐURSTAÐA**: Taktu frá tíma til að sinna áhugamálum þínum og vera með gefandi fólki. Nýttu birtuna yfir miðjan dag og mundu eftir D-vítamíninu.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**

# Nokkur klikkuðustu kaup stjarnanna

Sumar Hollywood-stjörnur vita ekki aura sinna tal og hafa töluverðan frítíma til að láta sér detta alls konar frumlega hluti í hug. Þessi blanda vill oft verða til þess að stjörnurnar okkar fara og kaupa sér alls konar vitleysu og óþarfa okkur hinum til mikillar skemmtunar.

## Dýr draugagangur



Lady Gaga er gríðarlega hrædd við drauga og samkvæmt internetinu (sem, eins og allir vita, lýgur aldrei) keypti söngkonan sér einhvers konar draugaskynjara sem á að hafa kostað hana 50 þúsund dollara og auk þess eyðir hún þúsundum dollara á mánuði (eða ári, heimildarmenn Fréttablaðsins á internetinu ná ekki að koma sér saman um þetta atriði) í þjónustu draugabana.

## Draumakaupin krummaskuð



Kim Basinger gerði það sem við myndum öll gera við peningana okkar ef við ættum þá – keypti sér bæ í Georgíuríki í Bandaríkjunum. Kim Basinger keypti bæinn á 20 milljónir dala, reyndar voru nokkrir fjárfestar með henni í kaupunum – samt, alveg dúndrandi góð kaup.

## Ímynduð þota



Að lokum er vert að hafa eitt „honoroble mention" en það fær rapparinn Soulja Boy sem „keypti" sér einkaþotu fyrir 55 milljónir dala. Af hverju þessar gæsalappir, spyrjiði. Jú, einfaldlega vegna þess að enginn á plánetunni trúir því að hann hafi keypt sér þessa þotu og raunar eru engar vísbendingar til um að þessi kaup hafi yfirhöfuð átt sér stað og að þau séu alfarið mont hjá þessum hressa dreng sem hefur ekki átt smell í ein 10 ár.

**stefanthor@frettabladid.is**

## Hvuttahöllin



Paris Hilton reisti á dögunum tveggja hæða villu fyrir hundana sína enda er það draumur allra hunda að búa í villu á fleiri en einni hæð.

## Fín fjárfesting

Söngvarinn Akon er ekkert að grínast, aldrei. Hann gerði sér lítið fyrir og keypti sér demantanámu í Suður-Afríku fyrir óuppgefna upphæð. Líklega má segja að þetta sé eina gáfulega fjárfestingin á þessum lista, eða maður ímyndar sér að demantanámur gefi meira í aðra hönd en höfuðkúpa risaeðlu.



## Meistari klikkuðu kaupanna




Nicolas Cage einn og sér gæti fyllt nokkrar opnur í þessu ágæta blaði með kaupum sínum þannig að hér verður stiklað á stóru. Hann lét reisa sér pýramídalaga grafhýsi, keypti sér tvo kastala (einn í Bretlandi og annan í Þýskalandi), hann keypti sér risaeðluhauskúpu, eyju í Bahamaeyjum, draugahús í New Orleans, alls konar exótísk dýr… Hann fór á hausinn fyrir nokkrum árum.

## Baðað í gullkari



Mike Tyson er þekktur fyrir að vera alltaf að gera kostakaup, þess vegna fór hann beint á hvínandi kúpuna fyrir um þrjátíu árum. Þessi höggþungi boxari keypti sér meðal annars þrjá Bengaltígra og bætti svo um betur og splæsti í gullslegið baðkar fyrir ekki nema tvær milljónir dollara. Hver hefur ekki legið í baði og látið sig dreyma um hversu miklu betri stundin væri ef karið væri úr góðmálmi?

## Hattinn heim



Hinn heittelskaði söngvari Bono, sem öllum í heiminum líkar mjög vel við, keypti sér snemma á þessari öld flugferð til Ítalíu. Þegar þangað var komið áttaði hann sig á því að hann hafði gleymt Trilby-hattinum sínum heima og þá var auðvitað síminn bara rifinn upp og flug pantað fyrir hattinn. Fyrir þetta borgaði Bono 1.500 dali.


GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
HAAG SÓFI
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 199.900,- NÚ 161.219,-
VIÐ FRAMLENGJUM
TAX FREE
AF ÖLLUM VÖRUM
GILDIR 7.–13. SEPTEMBER
HAVANNA BORÐ
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 59.900,- NÚ 48.309,-
HAVANNA STÓLL
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 9.990,- NÚ 8.057,-
RUGGUSTÓLL
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 29.900,- NÚ 24.114,-
INYO BORÐ SETT 3
19.35% AFSLÁTTUR
Áður25.900,- NÚ 20.888,-
the PIER
NEVADA SÓFI
19.35% AFSLÁTTUR
Áður 279.900,- NÚ 225.739,-
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890


JóiPé og KRÓLI eru að gera allt vitlaust með nýjasta laginu sínu B.O.B.A. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# JóiPé og KRÓLI með algjöra BOBU

JóiPé og KRÓLI gáfu út lagið B.O.B.A. á mánudaginn og síðan þá hefur íslenska internetið vera í ljósum logum. Þeir ætla að gefa út plötu á morgun þannig að það má eiga von á fleiri sprengjum á næstunni frá þessum kornungu félögum sem eru bara rétt að byrja.

Á mánudaginn kom lagið B.O.B.A. með þeim JóaPé og KRÓLA út á YouTube og hefur vægast sagt verið vel tekið í þetta hressa lag þeirra drengja. Það er til að mynda komið í 70 þúsund spilanir þegar þessi orð eru rituð og trónir á toppnum yfir vinsælustu myndböndin á landinu. Þessar tölur gætu mögulega verið Íslandsmet, en erfitt er að segja til um það.

„Þetta eru búnar að vera mjög góðar viðtökur – eiginlega alveg rosalegar. Ég bjóst alls ekki við þessu, bara svolítið,“ segir JóiPé, eða Jóhannes Damien Patreksson eins og hann heitir – og kannski vert að minnast á það áður en við höldum lengra að Patrekur Jóhannesson er faðir hans – og forseti Íslands þá föðurbróðir hans. KRÓLI er Kristinn Óli Haraldsson.

JóiPé gaf í sumar út lagið Ég vil það með Chase, sem rauk einnig upp vinsældalistann.

„Við erum að gefa út plötu á föstudaginn. Þetta er átta laga plata sem heitir GerviGlingur. Við erum búnir að vera að vinna hana með Starra [úr Landabois] og Þormóði – Þormóður er frá Ísafirði og gerði taktinn við B.O.B.A. Síðan er það hann Darri sem hefur verið að mixa og mastera plötuna. Þetta var mjög skemmtilegt ferli en samt gaman að vera búinn að klára.

Það verður útgáfupartí á laugardaginn á Prikinu. DJ Ejill Spejill hitar upp og svo tökum við lög af plötunni. Landabois spila líka.“

stefanthor@frettabladid.is

**JÓIPÉ HALAR INN ÁHORF**

Chase X JóiPé – Ég vil það
**177 þúsund**
áhorf síðan í júlí

JóiPé og Króli – B.O.B.A.
**70 þúsund**
áhorf síðan á mánudaginn

**ÞETTA ERU BÚNAR AÐ VERA MJÖG GÓÐAR VIÐTÖKUR – EIGINLEGA ALVEG ROSALEGAR. ÉG BJÓST ALLS EKKI VIÐ ÞESSU, BARA SVOLÍTIÐ.**

**FRAMI Í VÖGGUGJÖF?**


**Faðir Jóa** Patrekur Jóhannesson, handboltakempa.


**Bróðir Patreks er** Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.


SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ



MAGNOLIA OFFICINALIS

Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu

**Hrafnhildur Ólafsdóttir** starfar við sjálboðavinnu í Rauða Kross búðinni
*„Ég vil alls ekki nota lyfseðilsskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofið betur í mörg ár.“*

Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

BALSAM
balsam.is

ALLT FYRIR HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri
Vogue FYRIR HEIMILIÐ

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is


NÓA
NÝTT
NÓA
PIPAR
KÚLUR
Súkkulaðihjúpaðar lakkrískaramellur með pipardufti
150 g
NÓA
RJÓMA
150 g
Nóa Kúlur
eru mættar í nýjum klæðum!
Gríptu Rjómakúlur, Lakkrískúlur og glænýjar Piparkúlur - allar í nýjum poka.

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 30.08.17 – 05.09.17




**1** **Með lífið að veði**
Yeonmi Park




**2** **Pottur, Panna og Nanna**
Nanna Rögnvaldardóttir




**3** **Independent People**
Halldór Laxness




**4** **Iceland in a Bag**
Ýmsir höfundar




**5** **Afætur**
Jussi Adler Olsen




**6** **Verstu börn í heimi**
David Walliams




**7** **Gagn og gaman**
Helgi E. / Ísak J.




**8** **The Sagas of the Icelanders**
Ýmsir höfundar




**9** **Nornin**
Camilla Läckberg




**10** **Týndu stúlkurnar**
Angela Marsons

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT



Hrefna Sætran er ekki viss um að hennar kettir hefðu áhuga á að fara á kaffihús. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

# Út að borða með besta vininum

Björt Ólafsdóttir lagði nýlega til að veitingahúsaeigendur fengju sjálfir að ráða því hvort gæludýr væru leyfð á stöðum þeirra. Veitingahúsaeigandanum **Hrefnu Sætran** þykir tillagan áhugaverð.

Tillaga Bjartar Ólafsdóttur umhverfisráðherra, um að leyfa veitingafólki að ráða sjálfu hvort gæludýr séu leyfð inni á veitingastöðum og kaffihúsum sínum, vakti áhuga margra, meðal annars Hrefnu Rósu Sætran, katta- og veitingahúsaeiganda.

„Já, þetta er alveg eitthvað sem mætti skoða, með einhverjum takmörkum," segir veitingahúsaeigandinn og dýravinurinn Hrefna Rósa Sætran. „Það væri alveg hægt að skoða þetta inni á kaffihúsum og kannski takmarka þetta við smærri dýr, t.d. kjölturakka. Og fólk þarf að þekkja dýrið sitt vel, hvort hægt sé að fara með það á kaffihús eða veitingastaði."

Hrefna er eigandi Grillmarkaðarins, Fiskmarkaðarins og Skúla Craft bar. Spurð út í hvort hún myndi íhuga að leyfa dýr inni á sínum stöðum segir hún: „Þegar ég sá þessa tillögu þá hugsaði ég auðvitað strax um mína staði. Mér fannst þetta fyndin tilhugsun, að það væru dýr á mínum stöðum. Ég veit ekki alveg hvort það væri við hæfi, t.d. á Grillmarkaðinum," segir hún.

Hrefna á sjálf tvo ketti og aðspurð hvort hún myndi vilja fara með þá á kaffihús segist hún ekki vera alveg viss. „Sko, ég myndi alveg vilja fara með þá á kaffihús, en ég veit ekki hvort þeir hefðu gaman af því. Annar þeirra myndi kannski fíla það, en hinn væri bara hræddur," segir hún og hlær. „Og það að vera með gæludýr er svolítið eins og að vera með barn, það er alveg vinna. Þannig að það er auðvitað meiri afslöppun að fara án gæludýra út að borða, finnst mér. Það gæti líka orðið skrautlegt ef mörg dýr væru saman komin á einum stað," segir hún og skellir upp úr.

**gudnyhronn@365.is**

**ÞEGAR ÉG SÁ ÞESSA TILLÖGU ÞÁ HUGSAÐI ÉG AUÐVITAÐ STRAX UM MÍNA STAÐI.**

### EIGENDUR OG GÆLUDÝR ÞEIRRA SEM GETA KANNSKI SKELLT SÉR SAMAN ÚT AÐ BORÐA INNAN SKAMMS



- **Gísli Marteinn** og hundurinn Tinni
- **Helgi Björnsson** og hundurinn Kátur
- **Berglind Pétursdóttir** og st. Bernard-hundurinn Hófí
- **Þorsteinn Guðmundsson** og labradorinn Bangsi
- **Edda Sif Pálsdóttir** og hundurinn Fróði
- **Ragnheiður Gröndal** og kötturinn Bangsi
- **Sóley Tómasdóttir** og kötturinn Lína
- **Logi Bergmann** og guli kisinn hans

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ - Sími 660 0039



# RISA LAGERSPRENGJA

Opið virka daga 12–18:30
Laugard. 12–16
Sunnud. 13–16




## Lýkur laugardaginn 9. sept.

# 20–70%



af skiptidýnum, sýnishornum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum, rúmum, hvíldarsófum og hvíldarstólum, rúmteppum, lökum o.fl.



## MIKIÐ ÚRVAL AF DÝNUM

**Þór heilsudýna m/PU leðurbotni og fótum 120x200 cm**

**Verð áður kr. 134.900.-**
**Verð nú aðeins kr. 108.675.-**

**65%** af eldri sendingu af Life sængum 140x200 cm
Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 6.965.-

**Ótrúlegt verð**

Gömlu og góðu
**Jersey bómullarlökin**
**80 cm beige kr. 3000.-**
**Queen stærð, 153 cm hvít kr. 4000.-**

Frábær tilboð í verslun meðan á lagersölu stendur

**20%** af sængurverasettum – 80 teg.
20% af hlífðardýnum og lökum
10% af Hefel


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

**12 mán.** vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa

**Fimm stjörnu verslun**
**Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ**
Sími 660 0039

*3.5% lántökugjald

**www.svefnogheilsa.is**
Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Frosta Logasonar




## Barnið og baðvatnið

Eitt af því áhugaverðasta við mannkynssöguna er tilhneiging hennar til að endurtaka sig. Þrátt fyrir ríkan vilja til að læra af mistökum virðumst við nauðbeygð til að brenna okkur aftur og aftur. Lengi vel var einn stærsti lærdómur tuttugustu aldarinnar sá að ekki borgaði sig að henda út mannréttindum einstaklinga fyrir æðri markmið göfugrar hugmyndafræði. Það var kallað að kasta barninu út með baðvatninu.

Kommúnistar voru með göfugan ásetning um víðtækan jöfnuð fyrir alla. Þar nægði ekki að tækifærin yrðu aðgengileg öllum heldur skyldi útkoman öll vera sú sama. Það leiddi óhjákvæmilega til þess að sum svín urðu jafnari en önnur eins og Orwell lýsti svo vel í sögunni af Dýrabæ. Þeir sem tilheyrðu ákveðinni stétt manna, sem átti einhverjar eignir, voru skyndilega orðnir óvinir baráttunnar fyrir bættara samfélagi. Forréttindapésar sem nauðsynlega þurfti að svipta réttindum sínum. Allt fyrir hinn göfuga málstað.

Nú erum við aftur komin á þann stað að hóphyggjan hefur leitt til þess að sumir eru orðnir jafnari en aðrir. Meira að segja manneskja sem haldin er banvænum sjúkdómi á lokastigi er smánuð vegna þess hóps sem hún tilheyrir. Hins meinta forréttindahóps sem baráttan kallar eftir að verði settur á sinn stað.

Þetta er ótrúlega áhugavert. Því rétt eins og nasistarnir í SS sveitunum, sem skörtuðu hauskúpulógói á einkennisbúningum sínum, átta hinir velviljuðu baráttumenn fyrir meintu jafnrétti sig ekki á hvorum megin þeir raunverulega standa. Þeir er að sjálfsögðu sannfærðir um að þeir séu í góða liðinu. Enda málstaðurinn ekkert minna en stórkostlegur.








